REGLUGERÐ

um eftirlit með fóðri.

Efnisyfirlit

I. KAFLI ... **747**
ALMENN ÁKVÆÐI. ... **747**
A. GILDISSVIÐ ... 747
B. ORÐSKÝRINGAR ... 747
C. ALMENNAR TAKMARKANIR ... 748
D. SKRÁNING OG VIÐURKENNING ... 749
E. HREIN FÓÐUREFNI (GILDIR UM FÓÐURVÖRUR SEM SELDAR ERU BÚFJÁR- OG GÆLUDÝRAEIGENDUM) ... 750
F. FÓÐURBLÖNDUR ... 750
G. GERJUNARAFURÐIR, AMÍNÓSÝRUR, EINFÖLD N-SAMBÖND (NPN) O.FL. VÖRUR ... 751
H. AUKEFNI ... 751
I. PÖKKUN OG MERKING FÓÐURVARA ... 751
J. EFTIRLIT ... 752
K. INN- OG ÚTFLUTNINGUR ... 752
L. FÓÐURNEFND ... 754
M. KOSTNAÐUR ... 754
N. VIÐURLÖG ... 754
O. UNDANÞÁGUR ... 755
P. GILDISTAKA ... 755
Bráðabirgðaákvæði. ... **755**
II. KAFLI VIÐAUKAR ... **756**
1. viðauki Óæskileg efni ... **756**
A. ALMENN ÁKVÆÐI ... 756
1. Hámarksinnihald efna og afurða í fóðri ... 756
2. Hámarksmagn við þynningu fóðurbætis ... 756
B. AÐRAR VIÐMIÐANIR VARÐANDI INNIHALD ÓÆSKILEGRA EFNA OG AFURÐA Í FÓÐRI ... 756
1. Efni (jónir eða frumefni) ... 757
2. Afurðir (sveppaeitur og aðrar örveruafurðir, eitraðar plöntuafurðir, plöntuvarnarlyf o.fl.) ... 758
3. Aðskotaefni úr jurtaríkinu ... 760
C. HÁMARKSINNIHALD ÓÆSKILEGRA EFNA OG AFURÐA Í HRÁEFNUM ... 760
D. ÖNNUR ÓÆSKILEG EFNI ... 761
2. viðauki Hrein fóðurefni ... **763**
A. ALMENN ÁKVÆÐI ... 763
1. Athugasemdir til skýringar ... 763
2. Grasafræðilegur hreinleiki ... 763
3. Heiti fóðurefna ... 763
4. Bönnuð hráefni ... 763
5. Skýringar ... 764
6. Magn ... 765
7. Eðlisbreytandi efni og bindiefni ... 765
B. SKRÁ, SEM ER EKKI TÆMANDI, YFIR HELSTU FÓÐUREFNI ... 766
1. Korn, afurðir þess og aukaafurðir ... 766
2. Olíurík fræ og aldin, afurðir þeirra og aukaafurðir ... 769
3. Belgjurtafræ, afurðir þeirra og aukaafurðir ... 772

4. Hnýði og rótarávextir, afurðir þeirra og aukaafurðir 773
5. Önnur fræ og aldin, afurðir þeirra og aukaafurðir 774
6. Fóðurjurtir og gróffóður 775
7. Aðrar jurtir og afurðir þeirra og aukaafurðir 776
8. Mjólkurafurðir 776
9. Afurðir af landdýrum 777
10. Fiskur, önnur sjávardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir 778
11. Steinefni 779
12. Ýmsar afurðir 781
C. TILGREINING TILTEKINNA INNIHALDSEFNA Í FÓÐUREFNUM SEM ERU EKKI SKRÁÐ 782
D. SÉRÁKVÆÐI UM FÓÐUREFNI ÚR DÝRARÍKINU 783
1. Almennt 783
2. Gildissvið 783
3. Orðskýringar 783
4. Bann við notkun dýrapróteins 783
5. Merkingar 783
6. Flutningur 783
7. Geymsla 783
8. Framleiðsla 783
3. viðauki Aukefni 784
A. ALMENN ÁKVÆÐI 784
1. Notkun 784
2. Lágmarks- og hámarksmagn aukefna 784
3. Eðlis- og efnafræðilegur samruni 784
B. VIÐBÓTARÁKVÆÐI UM SÝKLALYF, HNÍSLALYF, KOPAR, SELEN OG A- OG D-VÍTAMÍN . 784
1. Almennt 784
2. Íblöndun forblöndu 784
3. Lyfjablöndun 784
C. VIÐBÓTARÁKVÆÐI UM AUKEFNI Í FÓÐURBÆTI 784
1. Hámarksmagn aukefna í fóðurbæti sem ber að þynna 784
2. Hámarksmagn einstakra aukefna í fóðurbæti 784
D. VIÐURKENND AUKEFNI 785
1. Sýklalyf 785
2. Þráavarnarefni 785
3. Bragðefni og lystaukandi efni 786
4. Hnislalyf 787
5. Ýruefni, bindiefni, þykkingarefni og hleypiefni: 791
6. Litarefni, þar með taldir dreifulitir 794
7. Rotvarnarefni 798
8. Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með svipuð áhrif 800
9. Snefilefni 801
10. Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni 805
11. Súrleikastýrar 807
12. Ensím (Hvatar) 808
13. Örverur 828
14. Ensím og örverur skráð á fyrirtæki 833
15. Bindiefni geislavirkra kjarnategunda 833
16. Íblöndunarefni til votverkunar 834

4. viðauki Próteinríkar gerjunarafurðir, amínósýrur og einföld N-sambönd . 835
A. Skrá yfir afurðaflokka og efni ... 835
1. Prótein úr eftirtöldum örveruflokkum ... 835
2. Próteinsnauð N-sambönd og álíka afurðir úr eftirtöldum flokkum ... 837
3. Amínósýrur og sölt þeirra ... 839
4. Hýdroxý-hliðstæður amínósýra ... 841
5. viðauki Fóðublöndur ... 842
A. Almenn ákvæði ... 842
1. Kröfur um grasafræðilegan hreinleika hráefna úr jurtaríkinu í fóðurblöndum 842
B. Sérákvæði ... 842
1. Öskuinnihald ... 842
2. Gervimjólk ... 842
3. Sérfóður ... 842
6. viðauki Pökkun fóðurs ... 849
A. Fóðurvörur aðrar en aukefni og forblöndur með þeim ... 849
1. Almennar kröfur um pökkun og lokunarbúnað ... 849
2. Skilyrði um sölu í lausu eða opnum ílátum ... 849
3. Skilyrði um sölu opinna pakkninga/sekkja ... 849
B. Aukefni og forblöndur með þeim ... 849
C. Endurnotkun flutningstækja, hverskonar íláta, pakkninga og annarra umbúða. ... 849
7. viðauki Merking og skráning fóðurs ... 850
A. Almennt ... 850
1. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar um vöru á umbúðum eða merkimiðum á umbúðum ... 850
2. Skilyrði fyrir heimild til að hafa lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar á fylgiskjali ... 850
3. Kröfur um aðrar upplýsingar en lögboðnar upplýsingar eða viðbótarupplýsingar
4. Frekari ákvæði um merkingar eftir tegund dýra ... 850
5. Merking og skráning fóðurs ... 850
8. viðauki Merking fóðurefna ... 851
9. viðauki Merking fóðurblandna ... 852
A. Almenn krafa ... 852
B. Sérstök krafa um einstakar fóðurtegundir ... 852
1. Aukefni ... 852
2. Próteinríkar gerjunarafurðir, amínósýrur og einföld N-sambönd (NPN) ... 852
C. Merking fóðurblandna sem innihalda prótein sem unnin eru úr vefjum spendýra og fugla ... 852
D. Upplýsingar fyrir merkingu á fóðurblöndum ... 852
1. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar ... 853
2. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar um greiningarefni (sbr. 11. undirlið 1. liðar) ... 855
3. Heiti flokka hráefna í fóðurblöndum ... 857
10. viðauki Merking aukefna og forblandna þeirra ... 859
A. Merkingar á aukefnum og forblöndum með þeim ... 859
1. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar aukefna (óblandaðra) ... 859
2. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar forblandna 860
B. Merking aukefna í fóðurvörum ... 862
1. Almenn ákvæði ... 862
2. Viðbótarákvæði um merkingu aukefna í fóðurbæti ... 862

3. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar aukefna í fóðri ofl. ... 863
11. viðauki Sýnataka vegna úrtakseftirlits ... **865**
A. GILDISSVIÐ OG MARKMIÐ ... 865
B. ORÐSKÝRINGAR ... 865
C. SÝNATÖKUBÚNAÐUR OG —AÐFERÐIR ... 865
1. Handvirkur sýnatökubúnaður fyrir fóður í föstu formi. ... 865
2. Handvirkur sýnatökubúnaður fyrir fóður í fljótandi formi ... 865
3. Vélrænn (sjálfvirkur) sýnatökubúnaður ... 865
4. Búnaður og aðferðir til að skipta sýnum. ... 865
D. SÝNATAKA — ALMENNT ... 865
E. TAKA HLUTASÝNA ... 865
1. Hlutasýni úr fóðri vegna eftirlits með efnum og afurðum sem deilast jafnt ... 865
2. Hlutasýni úr fóðri vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast venjulega ójafnt ... 865
F. GERÐ SAFNSÝNA ... 866
1. Safnsýni vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast jafnt í fóðrið ... 866
2. Safnsýni vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast venjulega ójafnt í fóðrið ... 866
G. GERÐ LOKASÝNA ... 866
H. SKRÁNING, PÖKKUN OG SENDING ... 867
12. viðauki Greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit ... **868**
13. viðauki Mörk fyrir mæld frávik við eftirlit ... **869**
A. FÓÐURBLÖNDUR ... 869
1. Allar dýrategundir ... 869
2. Búfé ... 869
3. Gæludýr ... 870
B. HREINAR FÓÐURVÖRUR ... 871
C. AUKEFNI ... 871
D. ÓÆSKILEG EFNI OG AFURÐIR ... 872
14. viðauki Skráning og viðurkenning fyrirtækja ... **873**
A. SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU ... 873
1. Tæknibúnaður fyrir fóðurblöndunarstöðvar. ... 873
2. Geymsla ... 873
3. Kröfur um faglegt hæfi ... 873
4. Kröfur um eftirlit og eftirlitsbúnað ... 873
B. KRAFA UM SKRÁNINGU ... 873
C. GREINARGERÐ UM UPPLÝSINGAR ÚR SKÝRSLUNUM ... 873
D. SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU ... 873
1. a) ... 873
1. b) ... 874
2. a) ... 875
2. b) ... 875
3. a) ... 876
3. b) ... 876
4. a) ... 878
5. a) ... 879
5. b) ... 879
5. c) ... 880
5. d) ... 880

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

A. Gildissvið

Almennt.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á dýrafóðri.

Markmið.

2. gr.

Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja að fóðurvörur séu ekki skaðlegar dýrum, mönnum eða umhverfi, auk þess að tryggja að fóðurvörur séu af háum gæðaflokki og séu rétt meðhöndlaðar.

Gildissvið.

3. gr.

Einungis má hafa viðskipti með fóðurvörur hér á landi, sem eru framleiddar í innan EES-svæðisins, ef fyrirtækið er skráð í viðkomandi landi, sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar. Fyrirtæki sem meðhöndla aukefni eða fóðurvörur sem aukefnum er blandað í, skulu jafnframt viðurkennd sbr. ákvæði 8. gr.

Einungis má hafa viðskipti með fóðurvörur frá landi utan EES-svæðisins ef fyrirtækið hefur skráðan fulltrúa (umboðsmann) með staðfestu hér á landi eða í EES-ríki, sbr. 7. gr. Fyrir aukefni eða fóðurvörur sem aukefnum er blandað í sem fjallað er um í 8. gr., er þess þar að auki krafist að fulltrúinn sé viðurkenndur.

4. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

1. Fóðurvörur sem eru fluttar inn eða út vegna umflutnings.
2. Korn og annað fræ sem framleiðandi selur sem sáðvöru og fellur undir reglugerð um sáðvöru nr. 301/1995.
3. Fóðurvörur sem framleiddar eru eingöngu til eigin nota að mestu úr heimafengnu hráefni.
4. Viðskipti með gróffóður sem hefur ekki eða hefur í litlum mæli fengið tæknilega meðhöndlun (hey, unninn og óunninn hálmur, rótarávextir, kartöflur, grænfóður, o.s.frv.).
5. Fóðurvörur sem eru framleiddar og seldar til vísindalegra nota hjá einkareknum eða opinberum rannsóknastofnunum. Þessi undantekning gildir ekki um 6., 8., 9., 12., 13. og 14. gr. og viðeigandi ákvæði þeirra í 1., 3., 4., 5. og 14. viðauka.
6. Landbúnaðarráðherra getur, ef sótt er um það, veitt undanþágu frá þessu og sett viðeigandi skilyrði þar að lútandi.

B. Orðskýringar

5. gr.

Aukefni: Efni eða efnablöndur sem eru notaðar í dýrafóður í því skyni að:

- bæta eiginleika dýrafóðurs, fóðurblandna eða dýraafurða; eða
- bæta frumefnum í fóðrið og stuðla að því að ná tilteknum næringarmarkmiðum eða að mæta sérstakri tilfallandi næringarþörf dýra; eða

- fullnægja næringarþörf dýra eða bæta búfjárframleiðslu, einkum með því að hafa áhrif á örveruflóru meltingarvegarins eða niðurbrotshæfni fóðurs; eða
- koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum húsdýraáburðar eða að bæta umhverfi dýra.

Búfé: Hross, nautgripir, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja.

Dagsskammtur: Heildarfóðurskammtur, miðað við 12% vatnsinnihald, sem að meðaltali er nauðsynlegur fyrir dýr af tiltekinni tegund, úr tilteknum aldurshópi og sem gefur tiltekinn afrakstur, til að fullnægja daglegum næringarþörfum þess.

Forblöndur: Blöndur aukefna eða blöndur sem samanstanda af einu eða fleiri aukefnum ásamt hráefnum sem burðarefni, ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum.

Fóður: Afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða rotvarðar, svo og afurðir þeirra úr iðnaðarvinnslu og lífræn eða ólífræn efni, notuð ein sér eða í blöndum, með eða án aukefna, gefin dýrum.

Fóðurblöndur: Blöndur fóðurefna, með eða án aukefna, ætluð til að fóðra dýr sem heilfóður eða fóðurbætir.

Fóðurbætir: Fóðurblöndur ríkar af vissum efnum sem vegna samsetningar sinnar og mikils innihalds einstakra efna teljast því aðeins nægja sem dagsskammtur að þær séu gefnar með öðru fóðri.

Fóðurvörur: Öll efni sem notuð eru í fóður fyrir dýr.

Framleiðandi: Fyrirtæki sem framleiðir eða vinnur vöru eða hefur hana undir höndum á millistigi framleiðslu áður en hún fer á markað eða sem markaðssetur vöruna.

Framleiðsla: Vinnsla (t.d. undirbúningur, ræktun, kynbætur, mölun, blöndun o.s.frv.) fóðurvara, einna sér eða í blöndu, þar með talin pökkun og merking.

Gervimjólk: Fóðurblöndur sem gefnar eru ungum dýrum í þurru formi eða eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva sem viðbót við eða í staðinn fyrir móðurmjólk eftir brodd.

Gæludýr: Öll dýr sem haldin eru eða fóðruð í náttúrunni til afþreyingar og ánægju.

Heilfóður[1]: Fóðurblöndur sem eru þannig samsettar að þær teljast nægja sem dagskammtur.

Hrein fóðurefni (*Hráefni*): Fóðurvörur, óunnar, ætlaðar til dýraeldis.[2]

Markaðssetning: Geymsla á vörum með sölu eða afhendingu með einhverjum öðrum hætti að markmiði, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhending sem fer fram með einhverjum öðrum hætti.

Melassafóðurblöndur: Fóðurbætir sem búinn er til úr melassa og inniheldur samanlagt að minnsta kosti 14% sykur, mældan sem súkrósa.

Sérfóður: Fóðurblanda sem vegna efnis- eða eðlisgerðar er frábrugðin bæði venjulegu fóðri og lyfjum og markmið með notkun er að fullnægja sérstökum næringarþörfum.

Steinefnafóður: Fóðurbætir sem er aðallega steinefni og inniheldur að minnsta kosti 40% ösku.

Viðskipti: Framboð, kaup, sala, skipti eða önnur tegund viðskipta.

Til viðbótar framangreindum orðskýringum eru orðskýringar í 2. viðauka þessarar reglugerðar og í 11. viðauka eru orðskýringar sem varða sýnatöku úr fóðurvörum vegna eftirlits.

[1] Litið er á fóðurblöndur fyrir jórturdýr sem heilfóður.
[2] Vörur sem selja má sem hrein fóðurefni og/eða nota við framleiðslu fóðurblandna eða sem burðarefni í fóðurblöndur geta einnig kallast hráefni.

C. Almennar takmarkanir

6. gr.

Einungis er heimilt að framleiða fóðurvörur sem ætlaðar eru til markaðssetningar, innflutnings og/eða viðskipta, sem eru hreinar, ferskar, ósviknar og fullnægja kröfum um heilbrigði og gæði og geta hvorki skaðað dýr, menn né umhverfi.

Óheimilt er að framleiða og/eða stunda viðskipti með fóðurvörur sem innihalda meira magn af óæskilegum efnum en mælt er fyrir um í B- og C-hluta 1. viðauka. Selja má hráefni sem inniheldur meira magn en það sem tilgreint er í 3. dálki B-hluta 1. viðauka og uppfyllir kröfur sem settar eru fram í C-hluta 1. viðauka til fyrirtækja sem eru viðurkennd skv. 8. gr. Við sölu þessara fóðurvara skal taka fram:

1. að einungis megi selja þær til viðurkenndra fóðurblöndunarstöðva,
2. að fóðurvaran skuli ekki notuð sem fóður í óbreyttu formi,
3. hversu mikið magn fóðurvaran inniheldur af óæskilegum efnum.

Ekki má blanda hráefni sem tilgreint er í 2. dálki C-hluta 1. viðauka og inniheldur meira magn af óæskilegum efnum en mælt er fyrir um í 3. dálki við annað hráefni sömu eða annarrar tegundar. Fyrirtæki eða einstaklingar sem í tengslum við atvinnustarfsemi sína hafa eða hafa haft undir höndum hráefni sem annaðhvort uppfyllir ekki kröfurnar í 1. viðauka eða geta á annan hátt haft í för með sér hættu fyrir heilsu manna og/eða dýra skulu tafarlaust tilkynna það Aðfangaeftirlitinu. Tilkynningarskyldan gildir jafnvel þótt varan hafi verið eyðilögð. Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að hráefnið verði eyðilagt eða notað á þann hátt að það skaði ekki menn, dýr eða umhverfi.

Óheimilt er að selja og nota hráefni sem tilgreind eru í 4. lið í A-hluta 2. viðauka.

D. Skráning og viðurkenning

Skráning.

7. gr.

Sá sem framleiðir og/eða flytur inn fóðurvörur skal skrá starfsemi sína hjá Aðfangaeftirlitinu áður en framleiðsla eða innflutningur hefst. Beiðni um skráningu skal sendast Aðfangaeftirlitinu á þar til gerðu eyðublaði. Skrá má fyrirtæki ef sýnt er að skilyrðum í A-hluta 14. viðauka hefur verið fullnægt eins og við á í hverju tilviki. Samanstandi fyrirtækið af nokkrum aðskildum rekstrareiningum sem hafa samvinnu sín á milli skal hver eining skráð sérstaklega. Ef fyrirtækið skiptir um eigendur eða starfsemin hættir skal Aðfangaeftirlitinu tilkynnt um það.

Skráning þeirra fóðurvara sem fyrirtækið framleiðir og/eða flytur inn á sér stað samkvæmt lið 5 í A-hluta 7. viðauka.

Sá sem framleiðir og/eða selur fóðurvörur skal tilgreina og bera ábyrgð á vöruupplýsingum sem krafist er á hverjum tíma skv. reglugerð þessari.

Sá sem framleiðir og/eða selur fóðurvörur skal geta sýnt fram á kaup, sölu og birgðir.

Viðurkenning.

8. gr.

Í viðbót við skráningu, sbr. 7. gr. skal Aðfangaeftirlitið að auki viðurkenna fyrirtæki sem framleiða og/eða selja fóðurvörur sem innihalda aukefni ef sýnt er að skilyrðum 14. viðauka hafi verið fullnægt:

1. Framleiðendur sem framleiða eða markaðssetja aukefni og sérstök próteinefni samkvæmt 1. lið í D-hluta 14. viðauka.
2. Framleiðendur sem framleiða eða markaðssetja aukefni í samræmi við ákvæði 2. liðar D-hluta 14. viðauka
3. Framleiðendur sem framleiða til markaðssetningar eða einungis fyrir eigið býli fóðurvörur sem innihalda aukefni í samræmi við ákvæði 3. liðar D-hluta 14. viðauka.
4. Framleiðendur sem framleiða eða markaðssetja fóðurblöndur sem meðal annars eru framleiddar úr hráefnum sem innihalda mikið magn óæskilegra efna sbr. ákvæði 4. liðar D-hluta 14. viðauka.

5. Framleiðendur sem reka eina eða fleiri tegundir starfsemi sem um getur í 1. – 4. lið en falla ekki undir þá liði eða framleiða eingöngu fyrir eigið býli fóðurblöndur sem innihalda aukefni eða forblöndur með aukefnum sem um getur í 3. viðauka.

Til að fá viðurkenningu þarf fyrirtækið að uppfylla kröfur um tæki/búnað, starfsfólk, framleiðslu, gæðaeftirlit, geymslu, vottun ofl. sem fram koma í 14. viðauka.

Viðurkennd fyrirtæki skulu halda skrá yfir framleiðslu, birgðir og sölu og gefa skýrslu þar að lútandi, sbr. ákvæði í B- og C-hluta 14. viðauka.

Framkvæmd.

9. gr.

Við skráningu fær fyrirtæki sérstakt skráningarnúmer sem gildir á öllu EES-svæðinu. Einnig fær hver vörutegund eða flokkur vörutegunda sem það framleiðir eða flytur inn og skráð er hjá Aðfangaeftirlitinu sérstakt skráningarnúmer.

Skráningu og viðurkenningu framleiðanda sbr. 7. og 8. gr. skal afturkalla ef hann leggur niður starfsemi sína eða í ljós kemur að hann uppfyllir ekki lengur grundvallarskilyrði fyrir starfsemi sinni og lagar sig ekki að þeim skilyrðum innan hæfilegs frests. Skráningu vöru skal afturkalla ef varan uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem sett eru eða lágu til grundvallar skráningu hennar eða breytingar hafa verið gerðar á henni án þess að tilkynna þær til Aðfangaeftirlitsins.

Öll skjöl er varða skráningu og/eða viðurkenningu skulu vera á íslensku eða ensku.

Skráningu og viðurkenningu framleiðanda skal breyta ef hann lýsir því yfir að hann reki starfsemi sem er til viðbótar þeirri starfsemi sem fyrst var skráð eða kemur í stað hennar. Skráningu vöru skal breyta ef framleiðandi tilkynnir um breytingar á vörunni og þær eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

E. Hrein fóðurefni (gildir um fóðurvörur sem seldar eru búfjár- og gæludýraeigendum)

10. gr.

Einungis má selja fóðurefnin sem tilgreind eru í B-hluta 2. viðauka sem hrein fóðurefni ef þau eru í samræmi við lýsinguna í 3. dálki.

Selja má önnur hráefni þegar þeim hefur verið gefið nafn sem kemur í veg fyrir að þeim verði ruglað saman við fóðurefni sem eru tilgreind í B-hluta 2. viðauka.

Ef nauðsynlegt reynist, með tilliti til geymslu, vinnslu eða flutnings má bæta bindiefnum í fóðurefnin sem tilgreind eru í B-hluta 2. viðauka, án þess að litið sé á fóðurvöruna sem fóðurblöndu. Íblandað magn af bindiefninu má ekki fara yfir 3% af heildarþyngdinni.

F. Fóðurblöndur

11. gr.

Við framleiðslu á fóðurblöndum má einungis nota:

1. fóðurefni sem tilgreind eru í B-hluta 2. viðauka og
2. önnur fóðurefni sem falla undir reglugerð þessa, að því tilskildu að þau séu ósvikin, fersk og fullnægjandi að gæðum, holl dýrum og óskaðleg mönnum og umhverfi.

Krafist er að fóðurblanda sé einsleit og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. viðauka.

G. Gerjunarafurðir, amínósýrur, einföld N-sambönd (NPN) o.fl. vörur

12. gr.

Einungis má selja vöru sem tilheyrir vöruflokki sem tilgreindur er í 1. dálki A-hluta 4. viðauka og framleidd er til að bæta beint eða óbeint próteini eða köfnunarefni í fóðurvörur og fóðurvörur sem innihalda þessa vöru, að því tilskildu að:

1. varan sé tilgreind í 2. dálki A-hluta 4. viðauka, enda hafi henni verið lýst í samræmi við ákvæði sem í gildi eru á EES-svæðinu.
2. varan uppfylli kröfurnar í 3. – 5. dálki A-hluta 4. viðauka.
3. varan sé einungis notuð fyrir dýrategundir og samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 6. – 7. dálki A-hluta 4. viðauka.

H. Aukefni

Almennt.

13. gr.

Einungis er heimilt að nota sem aukefni í fóðurvörur efni og blöndur sem tilgreindar eru í D-hluta 3. viðauka.

Einungis má nota aukefnin í samræmi við fyrirmæli í 3. viðauka, enda hafi þeim verið lýst og þau leyfð í samræmi við ákvæði sem í gildi eru á EES-svæðinu.

Einungis má selja aukefni sem fjallað er um í 1.-3. lið 8. gr. þeim sem hafa verið viðurkenndir framleiðendur og seljendur á forblöndum, í samræmi við 14. viðauka.

Einungis má selja forblöndur sem fjallað er um í 4. lið 8. gr. þeim sem hafa verið viðurkenndir framleiðendur og seljendur á fóðurblöndum, í samræmi við 14. viðauka.

Þau íblöndunarefni sem fjallað er um í 16. lið 3. viðauka má nota til votverkunar.

Óheimilt er að selja eða nota innanlands fóðurvörur sem í hefur verið bætt vaxtarhvetjandi efnum.

Lyf o.fl.

14. gr.

Aðfangaeftirlitið getur heimilað sem lið í lækningu og með samþykki Yfirdýralæknis að setja megi ákveðið magn af lyfi í einstaka fóðurvöru fyrir nánar tilgreinda dýrategund. Slík fóðrun er á ábyrgð dýralæknis, sbr. m.a. VIII. kafla reglugerðar nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

I. Pökkun og merking fóðurvara

Almennt.

15. gr.

Vörulýsingar skulu skv. ákvæðum í 7., 8., 9. og 10. viðauka koma fram á umbúðunum, áfestum merkimiða, fylgiseðli, fylgiskjali eða á auglýsingaspjaldi. Upplýsingar skulu vera á íslensku og vera auðsýnilegar, læsilegar og óafmáanlegar. Aðfangaeftirlitið getur veitt undanþágu til að upplýsingar sem eru á gæludýrafóðri séu á ensku, dönsku, norsku eða sænsku, enda sé kaupanda tryggð skrifleg íslensk þýðing við kaup vörunnar óski hann þess. Allar fóðurvörur sem framleiddar eru til útflutnings skulu merktar á einu opinberu tungumáli kaupanda.

Pökkun og merking fóðurvara – að undanskildum aukefnum.

16. gr.

Þegar fóðurvörur (að undanskildum aukefnum) eru seldar skulu þær vera pakkaðar í samræmi við ákvæði í A-hluta 6. viðauka og merktar í samræmi við ákvæðin í 2., 7., 8. og 9. viðauka. Meðferð fóðurs og umbúða skal vera í samræmi við ákvæði C-hluta 6. viðauka.

Ekki er skylt að gefa vörulýsingu á fóðurefnum sem fyrirtæki selja sín á milli til fóðurblöndugerðar.

17. gr.

Lýsingar á efnasamsetningu í samræmi við lið 2 í D-hluta 9. viðauka og á vörum sem fjallað er um í 12. gr. skulu samsvara því innihaldi sem hægt er að sýna fram á við eftirlit með viðurkenndum efnagreiningaraðferðum, sbr. ákvæði í 12. viðauka.

Pökkun og merking aukefna og forblandna þeirra.

18. gr.

Við sölu á aukefnum (óblönduðum) og forblöndum þeirra skulu þau vera pökkuð í samræmi við ákvæði í B-hluta 6. viðauka og meðferð þeirra í samræmi við ákvæði C-hluta í 6. viðauka og merkt í samræmi við ákvæðin í 10. viðauka. Ef gefnar eru upplýsingar til viðbótar við ákvæðin í 10. viðauka skulu þær vera aðskildar frá þeim upplýsingum sem krafist er. Ákvæði þetta gildir ekki um vörur sem afhentar eru framleiðendum fóðurblandna eða birgjum þeirra.

Merking fóðurvara sem innihalda aukefni.

19. gr.

Til viðbótar því sem krafist er samkvæmt 16. gr. skal merking fóðurvara sem innihalda aukefni vera í samræmi við ákvæðin í B-hluta í 10. viðauka. Ákvæði þetta gildir ekki um vörur sem afhentar eru framleiðendum fóðurblandna eða birgjum þeirra.

J. Eftirlit

Úrtakseftirlit.

20. gr.

1. Úrtakseftirlit skal fara fram:
   a) með reglulegu millibili;
   b) ef grunur leikur á að ákvæði séu ekki uppfyllt;
   c) með aðferðum sem samræmast markmiðinu, einkum með tilliti til áhættu og fenginnar reynslu.
2. Úrtakseftirlit skal taka til allra stiga framleiðslu og vinnslu, millistiga í framleiðslu fyrir markaðssetningu að meðtöldum innflutningi og til notkunar fóðurvara.
   Aðfangaeftirlitið skal velja það eða þau stig sem þjóna best tilgangi eftirlitsins.
3. Úrtakseftirlit skal yfirleitt fara fram án nokkurs fyrirvara.
4. Úrtakseftirlit skal einnig taka til notkunar sem er bönnuð í tengslum við fóður.

Sýnataka úr vörum.

21. gr.

Í því skyni að nauðsynlegt eftirlit geti farið fram skal Aðfangaeftirlitið hafa aðgang að stöðum þar sem landbúnaðarframleiðsla fer fram og þar sem fóðurvörur eru framleiddar, geymdar eða notaðar.

K. Inn- og útflutningur.

Innflutningseftirlit.

22. gr.

Við innflutning frá ríkjum utan EES-svæðisins skal Aðfangaeftirlitið sannprófa skjöl vegna hverrar sendingar og sannprófa auðkenni með slembiúrtaki til að ganga úr skugga um:

- tegund
- uppruna
- viðtökustað
- samræmi vara með því að kanna ástand með slembiúrtaki áður en þær eru markaðssettar og að þær séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Í þessu skyni getur Aðfangaeftirlitið ákveðið sérstaka höfn eða annan komustað fyrir mismunandi vörutegundir.

Aðfangaeftirlitið getur á innflutningsstað, með óhlutdrægu slembiúrtaki, gengið úr skugga um að vörur sem fluttar eru inn frá landi á EES-svæðinu séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

23. gr.

Ef eftirlitið leiðir í ljós að vörur standast ekki tilskildar kröfur skal banna innflutning þeirra eða markaðssetningu og fyrirskipa endursendingu þeirra eftir að lögbæru yfirvaldi í framleiðslulandi hefur verið tilkynnt þar um. Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA og aðildarríkjum EES-svæðisins þegar í stað um að vörunum hafi verið hafnað og tilgreina þau brot sem hafa komið í ljós.

Þrátt fyrir 1. mgr. má Aðfangaeftirlitið heimila eina af eftirfarandi aðgerðum svo fremi að tryggt sé að aðgerðirnar hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna og dýra eða á umhverfið.

- aðlögun varanna að tilskildum kröfum innan nánar tiltekins frests
- hreinsun, ef við á
- aðra viðeigandi meðhöndlun
- notkun í öðrum tilgangi
- förgun varanna.

Kostnaður sem stofnað er til vegna ráðstafana sem eru gerðar í samræmi við 1. og 2. mgr. hvílir á innflytjanda (handhafa leyfis) eða fulltrúa hans.

Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að skoðanir fari þannig fram að sem minnstar tafir verði á afhendingu fóðurvara og að skoðun leiði ekki til óréttmætra hindrana við markaðssetningu þeirra.

Framleiðendur sem eftirlit er haft með geta leitað álits annarra sérfræðinga ef tekin eru sýni, enda skulu viðmiðunarsýni varðveitt með innsigli.

Aðfangaeftirlitinu er heimilt að viðurkenna rannsóknastofur til að annast greiningu á sýnum.

Umflutningur.

24. gr.

Ef vara sem flutt er inn frá ríki utan EES-svæðisins er flutt út til annars aðildarríkis EES-samningsins skal Aðfangaeftirlitið afhenda hlutaðeigandi lögaðila (útflytjanda) skjal sem samþykkt hefur verið á EES-svæðinu þar sem fram kemur hvers konar eftirlit var viðhaft og hverjar niðurstöður þess eru. Í viðskiptaskjölunum skal vera tilvísun í þetta skjal. Sé viðkomandi vöru skipt upp í hluta skal ofangreint skjal fylgja sérhverjum hluta. Þetta ákvæði hefur þó ekki áhrif á rétt þess aðildarríkis EES-samningsins til að láta fara fram úrtakseftirlit.

Útflutningseftirlit.

25. gr.

Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að vörur sem senda á til annars aðildarríkis EES-samningsins séu skoðaðar af jafnmikilli nákvæmni og þær sem ekki eru ætlaðar til útflutnings.

Ef grunur leikur á að kröfum sé ekki fullnægt skal Aðfangaeftirlitið láta fara fram nauðsynlegt eftirlit og gera viðeigandi ráðstafanir ef grunurinn er staðfestur.

L. Fóðurnefnd

26. gr.

Til aðstoðar Aðfangaeftirlitinu skipar Landbúnaðarráðherra fóðurnefnd til fjögurra ára og skal nefndin vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt reglugerð þessari. Um skipun nefndarinnar og hlutverk fer skv. ákvæðum 2. mgr. 3. greinar laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

M. Kostnaður

27. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur Aðfangaeftirlitsins skv. reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,9% af innflutningsverði (c.i.f.) fóðurvöru, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,9% af söluverði innlendrar fóðurvöru (án vsk) sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum Aðfangaeftirlitsins. Gjalddagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember árið á undan og 1. september fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní viðkomandi ár, ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati Aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga getur hann innan tuttugu daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að Aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Aðfangaeftirlitsins til Landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan þriggja mánaða frá móttöku bréfs Aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir Aðfangaeftirlitið þar sem m.a. er kveðið á um gjöld sem ber að greiða vegna raunkostnaðar við skráningu og viðurkenningu fyrirtækja, skv. D. lið I. kafla og vegna viðhalds þessara skráninga og viðurkenninga. Auk þess skal kveðið á um upphæð sértækra eftirlitsgjalda vegna sérstakra rannsókna sem kann að þurfa að gera á vörum.

N. Viðurlög

28. gr.

Brot á þessari reglugerð varða refsingu samkvæmt 9. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

O. Undanþágur

29. gr.

Landbúnaðarráðherra getur að fengnum meðmælum Aðfangaeftirlitsins veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar hvað varðar framleiðslu fyrir innanlandsmarkað.

P. Gildistaka

30. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og með hliðsjón af eftirtöldum tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar: 91/248/EBE, 91/336/EBE, 91/508/EBE, 91/620/EBE, 92/64/EBE, 92/99/EBE, 92/113/EBE, 93/27/EBE, 93/55/EBE, 93/107/EBE, 94/17/EB, 94/41/EB, 94/50/EB, 94/77/EB, 95/37/EB, 94/40/EB, 95/11/EB, 79/797/EBE, 80/510/EBE, 82/937/EBE, 87/234/EBE, 80/509/EBE, 80/695/EBE, 82/957/EBE, 87/235/EBE, 94/39/EB, 95/9/EB, 95/10/EB, 80/511/EBE, 82/475/EBE, 91/334/EBE, 91/336/EBE, 86/174/EBE, 91/357/EBE, 85/509/EBE, 86/530/EBE, 88/485/EBE, 89/520/EBE, 90/439/EBE, 93/26/EBE, 93/56/EBE, 95/33/EB, 71/250/EBE, 81/680/EBE, 71/393/EBE, 73/47/EBE, 84/4/EBE, 72/199/EBE, 93/28/EBE, 73/46/EBE, 92/89/EBE, 76/371/EBE, 76/372/EBE, 92/95/EBE, 94/14/EB, 78/633/EBE, 81/715/EBE, 93/117/EB, 85/382/EBE, 96/274/EB, 97/274/EB, 98/68/EB, 98/51/EB, 99/29/EB, 98/67/EB, 99/27/EB, 98/88/EB, 99/79/EB, 99/76/EB, 97/6/EB, 95/55/EB, 97/40/EB, 98/54/EB, 96/7/EB, 96/66/EB, 97/72/EB, 99/61/EB, 98/87/EB, 98/64/EB, 95/69/EB; tilskipunum ráðsins: 70/524/EBE, 73/103/EBE, 87/153/EBE, 93/114/EB, 93/113/EB, 79/372/EBE, 90/654/EBE, 79/373/EBE, 86/354/EBE, 90/44/EBE, 91/681/EBE, 82/471/EBE, 83/228/EBE, 70/373/EBE, 72/275/EBE, 74/63/EBE, 86/354/EBE, 93/74/EBE, 95/53/EB, 96/25/EB, 96/51/EB, 99/20/EB, 96/24/EB; reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 866/99, 639/1999, 2785/98, 2374/98, 2786/98, 2316/98, 1436/98, 1411/99, 1636/99, 2788/98, 45/99, 1594/99, 1245/99, reglugerðum ráðsins nr. 2821/98, ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE, 92/508/EBE, 95/274/EB, 85/382/EBE, 97/582/EB, 99/420/EB, 2001/9/EB og ákvörðunum ráðsins 98/728/EB og 2000/766/EB. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fóðri og breytingar á henni nr. 718/1995, 510/1996, 553/1998, 263/1999 og 76/2001.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. skal gjaldið sem þar er ákveðið 0,9% vera 0,5% til og með 30. júní 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. apríl 2001.

F. h. r
Guðmundur B. Helgason.
Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

II. KAFLI VIÐAUKAR

1. viðauki Óæskileg efni

(sbr. 6. gr. I. kafla)
(Tilskipun ráðsins 1999/29/EB)

A. Almenn ákvæði

1. Hámarksinnihald efna og afurða í fóðri

Fóðurvörur sem tilgreindar eru í 2. dálki taflnanna í B-hluta mega ekki innihalda efni og afurðir sem eru tilgreindar í 1. dálki B-hluta í meira magni en tilgreint er í 3. dálki.

Um hráefni sem innihalda meira magn af óæskilegum efnum og afurðum en tilgreint er í B-hluta skal setja sambærileg ákvæði með fyrirvara um ákvæði C-hluta.

Um sölu hráefna sem á að nota óblönduð í fóður og varðandi efni og afurðir sem engin viðmiðunarmörk gilda um samkvæmt B-hluta gilda hámarksákvæði sem tilgreind eru í reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

Heimilt er að farið sé yfir leyfilegt hámarksinnihald sem kveðið er á um í B-hluta, að því tilskildu að um sé að ræða fóður sem er framleitt og notað án frekari meðhöndlunar á sama býli þar sem slíkt er nauðsynlegt af sérstökum staðbundnum ástæðum. Tryggt skal að hvorki dýr né menn verði fyrir heilsutjóni vegna þessa.

Sé innihald óæskilegra efna sem talin eru upp í 1. dálki C-hluta yfir leyfilegu hámarki í B-hluta en undir hámarki í C-hluta er heimilt að dreifa hráefninu til framleiðanda í lið 4 a, D-hluta 14. viðauka, sbr. 4. lið 1. mgr. 8. gr. D-hluta I. kafla, að því tilskildu að því fylgi skjal þar sem fram kemur:

- að fóðurefnin séu ætluð framleiðendum fóðurblandna sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í lið 4 a, D-hluta 14. viðauka.
- að óheimilt sé að gefa búfé fóðurefnin óunnin.

2. Hámarksmagn við þynningu fóðurbætis

Fóðurbætir sem á að þynna samkvæmt notkunarleiðbeiningum skal eftir þynningu ekki innihalda meira magn af efnum og vörum en það sem er ákveðið fyrir heilfóður ef ekkert annað er tilgreint í 2. dálki taflnanna í B-hluta. Ef ekki á að þynna fóðurbæti, samkvæmt leiðbeiningum, gildir sama hámarksinnihald óæskilegra efna og er ákveðið fyrir heilfóður.

B. Aðrar viðmiðanir varðandi innihald óæskilegra efna og afurða í fóðri

1. Efni (jónir eða frumefni) Tilsk. 1999/29/EBE

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12 % rakainnihald
1	2	3
1.1 Arsen	Fóðurefni að undanskildu:	2
	— mjöli úr grasi, refasmára, smára, sykurrófumauki og melassabættu sykurrófumauki	4
	— fosfötum og fóðri frá fiskvinnslu eða vinnslu annarra sjávardýra	10
	Heilfóður að undanskildu:	2
	— heilfóðri fyrir fiska	4
	Fóðurbætir að undanskildum:	4
	— steinefnablöndum	12
1.2 Blý	Fóðurefni að undanskildu:	10
	— grænfóðri	40
	— fosfötum	30
	— geri	5
	Heilfóður	5
	Fóðurbætir að undanskildum:	10
	— steinefnablöndum	30
1.3 Flúor	Fóðurefni að undanskildu:	150
	— fóðri úr dýraríkinu	500
	— fosfötum	2 000
	Heilfóður að undanskildu:	150
	— heilfóðri fyrir mjólkandi kýr, ær og huðnur	50
	— heilfóðri fyrir aðra nautgripi, sauðfé og geitfé	30
	— heilfóðri fyrir svín	100
	— heilfóðri fyrir alifugla	350
	— heilfóðri fyrir kjúklinga	250
	Steinefnablöndur fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé	2 000 [1]
	Annar fóðurbætir	125 [2]
1.4 Kvikasilfur	Fóðurefni að undanskildu:	0,1
	— fóðri sem fellur til í fiskvinnslu eða vinnslu annarra sjávardýra	0,5
	Heilfóður að undanskildu:	0,1
	— heilfóðri fyrir hunda og ketti	0,4
	Fóðurbætir að undanskildu:	0,2
	— heilfóðri fyrir hunda og ketti	
1.5 Nítrít	Fiskimjöl	60 (gefið upp sem natríumnítrít)
	Heilfóður að undanskildu:	15
	— fóðri ætlað gæludýrum öðrum en fuglum og búrfiskum	(gefið upp sem natríumnítrít)
1.6 Kadmíum	Fóðurefni úr jurtaríkinu:	1
	Fóðurefni úr dýraríkinu að undanskildu:	2
	— fóðri fyrir gæludýr	
	Fosföt	10 [3]
	Heilfóður fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé að undanskildu:	1
	— heilfóðri fyrir kálfa, lömb og kiðlinga	
	Annað heilfóður að undanskildu:	0,5
	— fóðri fyrir gæludýr	
	Steinefnablöndur	5 [4]
	Annar fóðurbætir fyrir nautgripi sauðfé og geitfé	0,5

2. Afurðir (sveppaeitur og aðrar örveruafurðir, eitraðar plöntuafurðir, plöntuvarnarlyf o.fl.)

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12 % rakainnihald
1	2	3
2.1 Aflatoxín B_1	Fóðurefni að undanskildum: — jarðhnetum, kókoshnetukjarna, pálmakjarna, baðmullarfræi, babassú, maís og afurðum úr vinnslu þeirra Heilfóður fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé að undanskildum: — mjólkurkúm — kálfum og lömbum Heilfóður fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungviði) Annað heilfóður Fóðurbætir fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé (að undanskildum fóðurbæti fyrir mjólkandi dýr, kálfa og lömb) Fóðurbætir fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungviði) Annar fóðurbætir	0,05 0,02 0,05 0,005 0,01 0,02 0,01 0,05 0,03 0,005
2.2 Blásýra	Fóðurefni að undanskildu: — hörfræi — hörfrækökum — manjókafurðum og möndlukökum Heilfóður að undanskildu: — heilfóðri fyrir kjúklinga	50 250 350 100 50 10
2.3 Óbundið gossýpól	Fóðurefni að undanskildum: — baðmullarfrækökum Heilfóður að undanskildu: — heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé — heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum varphænum) og kálfa — heilfóðri fyrir kanínur og svín að undanskildum mjólkurgrísum	20 1 200 20 500 100 60
2.4 Þeóbrómín	Heilfóður að undanskildu: — heilfóðri fyrir fullvaxna nautgripi	300 700
2.5 Rokgjörn mustarðsolía	Fóðurefni að undanskildum: — repjufrækökum Heilfóður að undanskildu: — heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé (að undanskildu ungviði) — heilfóðri fyrir svín (að undanskildum mjólkurgrísum) og alifugla	100 4 000 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 150 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 1 000 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 500 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat)
2.6 Vinýlþíóoxa-sólídon	Heilfóður fyrir alifugla að undanskildu: — heilfóðri fyrir varphænur	1 000 500
2.7 Grasdrjóla-sveppur (*Claviceps purpurea*)	Allt fóður sem inniheldur ómalað korn	1000
2.8 Illgresisfræ og aldin, ómöluð og ómarin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð og önnur eiturefni, ein sér eða saman, þar á meðal:	Allt fóður	3000
Lolium temulentum L.		1000
Lolium remotum Schrank		1000
Datura stramonium L.		1000

2.9 Kristpálmi (*Ricinus communis* L.)	Allt fóður	10 (gefið upp sem hýði Kristpálmafræja)
2.10 *Crotalaria* L. spp	Allt fóður	100
2.11 Aldrín 2.12 Dieldrín	Allt fóður, þó ekki fita	0,01 0,2
2.13 Kamfeklór (toxafen)	Allt fóður	0,1
2.14 Klórdan (summa sis- og trans-myndbrigða og óksýklórdan (tilgreint sem klórdan)	Allt fóður, þó ekki fita	0,02 0,05
2.15 DDT (summan af DDT-, TDE- og DDE-myndbrigðum, tilgreint sem DDT)	Allt fóður, þó ekki fita	0,05 0,5
2.16 Endósúlfan (summa alfa- og beta-myndbrigða og endósúlfansúlfat, tilgreint sem endósúlfan)	Allt fóður með eftirfarandi undantekningum: maís olíurík fræ heilfóður fyrir fisk	0,1 0,2 0,5 0,005
2.17 Endrín (summan af endríni og delta-setó-endríni, tilgreint sem endrín)	Allt fóður, þó ekki fita	0,01 0,05
2.18 Heptaklór (summan af heptaklóri og heptaklór-epóksíði tilgreint sem heptaklór)	Allt fóður, þó ekki fita	0,01 0,2
2.19 Hexaklórbensen (HCB)	Allt fóður, þó ekki fita	0,01 0,2
2.20 Hexaklórsýklóhexan (HCH)		
2.20.1 Alfa myndbrigði	Allt fóður, þó ekki fita	0,02 0,2
2.20.2 Beta myndbrigði	Fóðurblöndur, þó ekki fóðurblöndur fyrir mjólkurkýr Hreint fóður, þó ekki fita	0,01 0,005 0,01 0,1
2.20.3 Gamma myndbrigði	Allt fóður, þó ekki fita	0,2 2,0
2.21 Díoxín (summa PCDD og PCDF), gefið upp í alþjóðlegum eiturjafngildum	Sítrushrat	500 pg I-TEQ/kg (efri styrkleikamörk) [5]

3. Aðskotaefni úr jurtaríkinu

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12 % rakainnihald
1	2	3
3.1 Apríkósa (*Prunus armeniaca* L.)	Allt fóður	Fræ og aldin þeirra plöntutegunda sem taldar eru upp hér til hliðar ásamt unnum afleiðum þeirra eru einungis leyfileg sem ómælanleg örefni í fóðri
3.2 Beisk mandla *Prunus dulcis* (Mill.) D.A.Webb var. *amara* (DC) Focke (=*Prunus amygdalus* Batsch var. *amara* (DC.) Focke)		
3.3 Óafhýdd beykihneta (*Fagus silvatica* L.)		
3.4 Akurdoðra (*Camelina sativa* L. Crantz)		
3.5 *Mowrah, bassia, madhuca, Madhuca longfolia (L.) Macbr. (=Bassia longfolia L =Illipe malabrorum* Engl.*) Madhuca indica* Gmelin *(=Bassia latifolia Roxb. =Illipe latifolia (Roxb.)* F.Mueller*)*		
3.6 Purghera, (*Jatropha curcas* L.)		
3.7 Tígurskrúð, (*Croton tiglium* L.)		
3.8 Brúnn mustarður (*Brassica juncea* (L.) Czern. og Coss. spp. *integrifolia* (West.) Thell)		
3.9 Sareptam-mustarður (*Brassica juncea* (L.) Czern. og Coss. *spp. juncea*)		
3.10 Kínverskur mustarður (*Brassica juncea* (L.) Czern. og Coss. spp. *juncea* var. *lutea Batalin*)		
3.11 Svartur mustarður (*Brassica nigra* (L.) Koch)		
3.12 Eþíópíu mustarður (*Brassica carinata* A. Braun)		

[1] Einnig er heimilt að mæla fyrir um hámarksflúormagn sem nemur 1,25% af fosfatmagninu.
[2] Flúormagn á hvern hundraðshluta fosfórs
[3] Einnig er heimilt að mæla fyrir um 0,5 mg hámarkskadmíummagn á hvern hundraðshluta fosfórs.
[4] Einnig er heimilt að mæla fyrir um 0,75 mg hámarkskadmíummagn á hvern hundraðshluta fosfórs.
[5] Efri styrkleikamörk eru reiknuð út frá því mati að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningarmörkum, séu jöfn greiningarmörkunum.

C. Hámarksinnihald óæskilegra efna og afurða í hráefnum

(sbr. 2. mgr. 6. gr. I. kafla)

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12 % rakainnihald
1	2	3
1. Aflatoxín B_1	Jarðhnetur, kópra, pálmahnetur, baðmullarfræ, babassú, maís og afurðir úr þeim	0,2
2. Kadmíum	Fosföt	10 [1]
3. Arsen	Fosföt	20
4. Díoxín (summa PCDD og PCDF), gefið upp í alþjóðlegum eiturjafngildum.	Sítrushrat	500 pg I-TEQ/kg (efri styrkleikamörk) [2]

[1] Einnig er heimilt að mæla fyrir um 0,5 mg hámarkskadmíummagn á hvern hundraðshluta fosfórs
[2] Efri styrkleikamörk eru reiknið út frá því mati að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningarmörkum, séu jöfn greiningarmörkunum.

D. Önnur óæskileg efni

Efni, afurðir	Fóðurefni
(1)	(2)
A. Efni (jónir eða frumefni)	
1. Arsen	Öll fóðurefni að undanskildum: — fosfötum
2. Blý	Öll fóðurefni
3. Flúor	Öll fóðurefni
4. Kvikasilfur	Öll fóðurefni
5. Nítrít	Fiskimjöl
6. Kadmíum	Öll fóðurefni úr jurtaríkinu Öll fóðurefni úr dýraríkinu að undanskildum: — fóðurefnum fyrir gæludýr
B. Afurðir	
1. Aflatoxín B_1	Öll fóðurefni að undanskildum: — jarðhnetum, kókoshnetukjarna, pálmakjarna, baðmullarfræi, babassú, maís og afurðum úr vinnslu þeirra
2. Blásýra	Öll fóðurefni
3. Óbundið gossýpól	Öll fóðurefni
4. Rokgjörn mustarðsolía	Öll fóðurefni
5. Grasdrjólasveppur (*Claviceps purpurea*)	Ómalað korn
6. Illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, ein sér eða saman, meðal annars: a) *Lolium temulentum* L., b) *Lolium remotum* Schrank, c) *Datura stramonium* L.,	Öll fóðurefni
7. Kristpálmi — *Ricinus communis* L.	Öll fóðurefni
8. *Crotalaria* ssp.	Öll fóðurefni
9. Aldrín 10. Díeldrín } eitt sér eða saman gefið upp sem díeldrín	} Öll fóðurefni
11. Kamfeklór (toxafen)	Öll fóðurefni
12. Klórdan (summa sis- og trans-myndbrigða og oxýklórdans, gefið upp sem klórdan)	Öll fóðurefni
13. DDT (summa of DDT-, TDE- og DDE-myndbrigða, gefið upp sem DDT)	Öll fóðurefni
14. Endósúlfan (summa alfa- og beta-myndbrigða og endósúlfansúlfats gefið upp sem endósúlfan)	Öll fóðurefni
15. Endrín (summa endríns og delta-ketóendríns, gefið upp sem endrín)	Öll fóðurefni
16. Heptaklór (summa heptaklórs og heptaklórepoxíðs, gefið upp sem heptaklór)	Öll fóðurefni
17. Hexaklórbensen (HCB)	Öll fóðurefni
18. Hexaklórsýklóhexan (HCH)	
18.1. alfa-myndbrigði	Öll fóðurefni
18.2. beta-myndbrigði	Öll fóðurefni
18.3. gamma-myndbrigði	Öll fóðurefni

C. Aðskotaefni úr jurtaríkinu	
1. Apríkósur — *Prunus armeniaca* L.	Öll fóðurefni
2. Beiskar möndlur — *Prunus dulcis* (Mill.) D.A. Webb var. *amara* (DC.) Focke (= *Prunus amygdalus* Batsch var. *amara* (DC.) Focke)	Öll fóðurefni
3. Beykihnetur með hýði — *Fagus silvatica* L.	Öll fóðurefni
4. Akurdoðra — *Camelina sativa* (L.) Crantz	Öll fóðurefni
5. *Mowrah, Bassia, Madhuca* — *Madhuca longifolia* (L.) Macbr. (=*Bassia longifolia* L. = *Illipe malabrorum* Engl.) *Madhuca indica* Gmelin (=*Bassia latifolia* (Roscb.) = *Illipe latifolia* (Roscb.) F. Mueller)	Öll fóðurefni
6. Purghera — *Jatropha curcas* L.	Öll fóðurefni
7. Tígurskrúð — *Croton tiglium* L.	Öll fóðurefni
8. Brúnn mustarður — *Brassica juncea* (L.) Czern. og Coss. ssp. *integrifolia* (West.) Thell.	Öll fóðurefni
9. Sareptam-mustarður — *Brassica juncea* (L.) Czern. and Coss. ssp. *Juncea*	Öll fóðurefni
10. Kínverskur mustarður — *Brassica juncea* (L.) Czern. og Coss. ssp. *juncea* var. *lutea* Batalin	Öll fóðurefni
11. Svartur mustarður — *Brassica nigra* (L.) Koch	Öll fóðurefni
12. Eþíópíumustarður — *Brassica carinata* A. Braun	Öll fóðurefni

2. viðauki Hrein fóðurefni

(Tilskipun ráðsins 96/25/EB og tilskipun framkv. stjr. 98/67/EB)

A. Almenn ákvæði

1. Athugasemdir til skýringar

1. Fóðurefni eru skráð og nefnd í B-hluta samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:
   - uppruna afurðar eða aukaafurðar, til dæmis úr jurta-, dýra- eða steinaríkinu,
   - þeim hluta afurðar eða aukaafurðar sem notaður er, til dæmis allri afurðinni, frælum, hýðum, beinum,
   - þeim vinnsluaðferðum sem beitt er á afurðir eða aukaafurðir, til dæmis afhýðingu, útdrætti, hitun og/eða þeim afurðum eða aukaafurðum sem unnar eru úr þeim, til dæmis flögum, klíði, mauki/hrati, fitu,
   - þroska afurðar eða aukaafurðar og/eða eiginleikum afurðar eða aukaafurðar, til dæmis „glúkósínólatskert", „fituríkt", „sykurskert".

2. Grasafræðilegur hreinleiki

1. Fóðurefni verða að vera án efnafræðilegra óhreininda úr framleiðsluferlinu og án tæknilegra hjálparefna nema fastsett séu í B-hluta viðaukans sérákvæði um hámarksinnihald að því er varðar sérstakt fóðurefni, að svo miklu leyti sem góðir framleiðsluhættir leyfa.
2. Grasafræðilegur hreinleiki afurða og aukaafurða sem skráðar eru í B- og C-hluta skal ekki vera minni en 95% nema því aðeins að mælt hafi verið fyrir um annað í B- eða C-hluta.

   Eftirfarandi skal telja aðskotaefni úr jurtaríkinu:
   a) náttúruleg en óskaðleg óhreinindi (t.d. hálmur og hálmúrgangur, fræ annarra ræktaðra tegunda eða illgresisfræ)
   b) óskaðlegar leifar annarra olíuríkra fræja eða olíuríkra aldina frá fyrri vinnslustigum ef magn þeirra fer ekki yfir 0,5%
3. Gildin sem tilgreind eru að því er varðar grasafræðilegan hreinleika vísa til þyngdar afurðarinnar og aukaafurðarinnar

3. Heiti fóðurefna

Ef hluti heitis fóðurefnis í B-hluta þessa viðauka er eitt eða fleiri orð í svigum má sleppa orðinu (orðunum) í svigunum; til dæmis má tilgreina olíu úr sojabaunum hvort heldur sem soja(bauna)olíu eða sojaolíu.

4. Bönnuð hráefni

Bannað er að selja og nota eftirtalin hráefni:
a) Skít og hland, svo og gor og annað sem er fjarlægt úr meltingarvegi við tæmingu eða skolun hans án tillits til meðhöndlunar eða blöndunar.
b) Skinn meðhöndluð með sútunarefnum, þar með talinn úrgangur þeirra.
c) Fræ, korn og plöntur, önnur plöntufjölgunarefni og hugsanlegar aukaafurðir þeirra sem meðhöndlaðar hafa verið með plöntuvarnarefnum eftir uppskeru.
d) Timbur, sag og annað sem hefur verið meðhöndlað með fúavarnarefnum.
e) Eðja frá hreinsistöðvum þar sem skólp og annað frárennslisvatn frá húsum og fjölbýlissvæðum er meðhöndlað (klóak, skólp o.fl.).
f) Fastur úrgangur frá bæjarfélögum, t.d. húsaskólp.
g) Ómeðhöndlaður úrgangur frá veitingahúsum, að undanskildum matvælum úr jurtaríki sem ekki teljast hæf til neyslu vegna þess að þau eru ekki nógu fersk.
h) Umbúðir og hlutar af umbúðum sem falla til vegna notkunar á afurðum í tengslum við matvælaframleiðslu í landbúnaði.
i) Prótein úr vefjum spendýra sem innhaldsefni í fóðurblöndum sbr. D-hluta þessa viðauka.

5. Skýringar

Skýringar sem gefnar eru hér á eftir vísa til helstu aðferða sem notaðar eru við meðferð (tæknilega, efnafræðilega o.s.frv.) og um getur í B- og C-hluta þessa viðauka. Ef heiti fóðurefnanna felur í sér almennt heiti eða íðorð úr þessum skýringum skal aðferðin sem beitt er vera í samræmi við þá skilgreiningu sem gefin er upp.

Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/hugtak
Afhýðing	Fjarlæging ytri hýðislaga á korni, fræi, aldinum, hnetum o.fl.	Afhýtt
Forhleyping	Umbreyting sterkju til að auka fyrirferð hennar verulega í köldu vatni	Forhleypt
Herðing	Meðferð olíu og fituefna til að hækka bræðslumark	Hert
Hitun	Almennt heiti á margs konar hitameðferð sem er framkvæmd við vissar aðstæður til að hafa áhrif á næringargildi eða efnisbyggingu fóðursins	Ristað, soðið, hitameðhöndlað
Hreinsun	Óhreinindi í sykri, olíu og öðrum náttúrulegum efnum fjarlægð með efna- eða eðlisfræðilegri meðferð	Hreinsað, að hluta hreinsað
Kögglun	Efni pressað í gegnum mót	Kögglar, kögglað
Mjölframleiðsla	Eðlisræn vinnsla korns til aðminnka kornastærð og auðvelda aðskilnað innihaldsefna þess (einkum mjöl, klíð og grófmalað mjöl)	Mjöl, fóðurklíð og fóðurmjöl
Mölun	Vélræn vinnsla korns eða annarra fóðurefna í því skyni að minnka kornastærðina	Malað, brotið
Pressun	Fita eða olía fjarlægð úr olíuríkum efnum eða safa úr aldinum eða öðrum jurtaafurðum með vélrænum úrdrætti (annaðhvort með snigli eða annars konar pressu) og hugsanlega með varma	Kaka[1] (ef um er að ræða efni sem inniheldur olíu mauk, hrat aldin o.þ.u.l..)
Sykurskerðing/ -sneyðing	Fjarlæging ein- og tvísykra úr melassa og öðrum sykurauðugum efnum með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum, að hluta eða í heild	Sykursneytt, sykurskert
Útdráttur	Fita og olía fjarlægð úr tilteknum efnum með hjálp lífrænna leysiefna eða sykur eða önnur vatnsleysanleg efni fjarlægð með hjálp vatnskennds leysis. Ef lífræna leysiefnið er notað verður endanlega afurðin að vera tæknilega laus við slík leysiefni	Útdregið (ef um er að ræða olíurík efni) Melassi, mauk/hrat (ef um er að ræða afurðir sem innihalda sykur eða önnur vatnsleysanleg efni)
Útpressun/ þensla	Þressun, þrykking eða útpressun efnis undir þrýstingi í gegnum op (sjá einnig forhleypingu)	Útpressað/ þanið
Vatnsrof	Niðurbrot í einfaldri efnisþætti með viðeigandi meðferð með vatni og hugsanlega annaðhvort ensímum eða sýru/basa	Vatnsrofið
Vot formölun	Vélræn aðgreining efnisþátta kjarna/korns sem hefur tútnað í vatni, hugsanlega með brennisteins-díoxíði, til að skilja út sterkju	Kím, glúten, sterkja
Völsun	Völsun á raka- og hitameðhöndluðum afurðum	Valsaðar flögur
Þurrkun	Varðveisla afurða með náttúrulegri eða annars konar þurrkun	Þurrkað (sólþurrkað eða þurrkað með öðrum aðferðum en náttúrulegum)
Að koma vökva og rafkleyfum efnum (elektrólítum) í jafnvægi	Einkum rafkleyf efni (elektrólítar) og kolvetni sem eru auðveld til upptöku	Kálfar Mjólkur-grísir Lömb Kiðlingar Folöld	-Kolvetnisgjafi/ar -Natríum -Kalí -Klóríð	1-7 dagar (1-3 dagar ef annað fóður er ekki gefið með)	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: -„Ef hætta er á meltingartruflunum (niðurgangi), við meltingar-truflunum og þar til bata er náð" -„Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun"
Að draga úr myndun þvagsteina	Lágt innihald fosfórs og magnesíums og þvagsýringaefna	Jórturdýr	-Kalsíum - Fosfór -Kalí -Magnesíum -Natríum -Klóríð -Brennisteinn -Þvagsýringarefni	Allt að 6 vikur	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: -„Einkum fyrir ung alidýr" Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni"
Að draga úr streituviðbrögðum	Hátt magnesíuminnihald og/eða Auðmeltanleg fóðurefni	Svín	Magnesíum -Auðmeltanleg fóðurefni og meðhöndlun þeirra ef við á - Innihald Ω-3-fitusýra (sé þeim bætt við)	1-7 dagar	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi
Að koma hinni líffræðilegu meltingu í jafnvægi	Lágt jafnamagn (buffereiginleikar) og auðmeltanleg fóðurefni	Mjólkur-grísir	-Auðmeltanleg fóðurefni og meðhöndlun þeirra ef við á - Jafnamagn -Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við) -Slímmyndandi efni	2-4 vikur	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ef hætta er á meltingartruflunum, við meltingartruflunum og þar til bata er náð"

	Auðmeltanleg fóðurefni	Svín	-Auðmeltanleg fóðurefni og meðhöndlun þeirra ef við á - Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við) -Slímmyndandi	2-4 vikur	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ef hætta er á meltingartruflunum, við meltingartruflunum og þar til bata er náð"
Að koma í veg fyrir hægðatregðu	Fóðurefni sem örva þarmahreyfingu	Gyltur	Fóðurefni sem örva þarmahreyfingu	10-14 dagar fyrir og 10-14 dagar eftir got	
Að koma í veg fyrir fitulifureinkenni	Lágt orkuinnihald og hátt hlutfall lípíða með hátt innihald fjölómettaðra fitusýra	Varphænur	-Orkugildi (reiknað út samkv. 2. lið A-hluta 13. viðauka) -Hlutfall niðurbrjótanlegrar orku úr lípíðum -Innihald fjölómettaðra fitusýra	Allt að 12 vikur	
Mótvægi við skort á uppsogi	Lágt innihald mettaðra fitusýra og hátt hlutfall fituleysanlegra vítamína	Alifuglar, nema gæsir og dúfur	-Hlutfall mettaðra fitusýra af heildarfitusýrum -A-vítamín samtals -D-vítamín samtals -E-vítamín samtals -K-vítamín samtals	Tvær fyrstu vikurnar eftir klak	
Mótvægi við langvinnar truflanir í mjógirni	Auðmeltanleg kolvetni, prótein og fita sem er að mestu melt áður en í mjógirni er komið	Hestar[13]	Auðmeltanlegir kolvetnis-, prótein- og fitugjafar og meðhöndlun þeirra ef við á	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi og hvernig gjöf þess skal hagað, t.d. gefið í mörgum smáum skömmtum á dag. Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur"
Mótvægi við langvinnar meltingartruflanir í víðgirni	Auðmeltanlegt tréni	Hestar	-Trénisgjafar -Innihald Ω-3 fitusýra (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi og hvernig gjöf þess skal hagað. Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur"
Að draga úr streituviðbrögðum	Hátt magnesíuminnihald, auðmelt fóðurefni	Hestar	-Magnesíum -Auðmeltanleg fóðurefni og meðhöndlun þeirra, ef við á -Innihald Ω-3 fitusýra (sé þeim bætt við)	2-4 vikur	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs á við
Mótvægi við tapi á söltum sem verður þegar dýrið svitnar mikið	Einkum sölt og kolvetni sem eru auðveld upptöku	Hestar	-Kalsíum -Natríum -Magnesíum -Kalí -Klóríð -Glúkósi	1-3 dagar	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs á við. Ef fóðrið er stór hluti af daglegu fóðri þarf að vekja athygli á því að varast beri snöggar fóðurbreytingar. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að drykkjarvatni"

Afturbati með sérstöku fóðri	Mikið magn mikilvægra og auðmeltanlegra fóðurefna	Hestar	-Auðmeltanleg fóðurefni og meðhöndlun þeirra, ef við á -Innihald Ω-3 og Ω-6 fitusýra (sé þeim bætt við)	Þar til dýrið hefur náð sér að fullu	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs á við. Ef ætlast er til að fóður sé gefið með slöngu skal eftirfarandi standa á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Aðstoð dýralæknis nauðsynleg við inngjöf"
Að draga úr hættu á meltingartruflunum í víðgirni	Hátt trefjainnihald, en auðmeltanleg fóðurefni	Hestar	Auðmeltanleg fóðurefni og meðhöndlun þeirra ef við á	1-2 vikur	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi. Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun"
Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvarandi lifrarbilunar	Lágt próteininnihald en í háum gæðaflokki og auðmeltanleg kolvetni	Hestar	-Prótein- og trénisgjafar -Auðmeltanleg kolvetni og meðferð þeirra, ef við á -Meþíónín -Kólín -Innihald Ω-3 fitusýra (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi og hvernig gjöf þess skal hagað, t.d. gefið í mörgum smáum skömmtum á dag. Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur"
Stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabilunar	Lágt próteininnihald en í háum gæðaflokki og lágt fosfórinnihald	Hestar	-Próteingjafi/-ar -Kalsíum -Fosfór -Kalí -Magnesíum -Natríum	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur" Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að drykkjarvatni"
Að draga úr streituviðbrögðum	Auðmeltanleg fóðurefni og hátt magnesíuminnihald	Hestar	-Magnesíum -Auðmeltanleg fóðurefni og meðhöndlun þeirra ef við á	2 - 4 vikur	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi
Mótvægi við tap á rafkleyfum efnum (elektrolítrum) sem verður þegar dýrið svitnar mikið	Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem eru auðveld til upptöku	Hestar	-Natríum -Kalí -Klóríð -Glúkósi	1 - 2 dagar	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni"

1) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við tímabundna nýrnabilun, ef við á.
2) Ef mælt er með fóðrinu í tengslum við tímabundna nýrnabilun skal tímabil notkunar vera tvær til fjórar vikur.
3) Þegar um er að ræða fóður fyrir ketti má bæta setningunni „þvagrásarsjúkdómar katta" eða „þvagrásarheilkenni katta - F.U.S." (feline urological syndrome) við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.
4) Þegar um er að ræða fóður í tengslum við tiltekið óþol má tilvísun til tiltekins óþols koma í stað orðanna „fóðurefnum".
5) Framleiðanda er heimilt að bæta tilvísuninni „skortur á framleiðslu brissafa" við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.
1) Að því er varðar kattafóður getur framleiðandi bætt við hið sérstaka næringarmarkmið með því að vísa til „Lifrarbólga í köttum".
2) Heimilt er að nota hugtakið „ketóneitrun" í staðinn fyrir „súrdoða".
3) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við bata eftir súrdoða.
4) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr.
5) Þegar um er að ræða fóður fyrir ær.
6) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr: „Hámark tveir mánuðir frá því að mjólkurskeið hefst".
7) Tilgreinið flokk jórturdýra.
8) Á umbúðir fóðurs sem er sérstaklega ætlað mjög gömlum dýrum með sérþarfir (auðmeltanleg fóðurefni) skal bæta ábendingunni "gömul dýr" við dýrategundina.

6. viðauki Pökkun fóðurs

A. Fóðurvörur aðrar en aukefni og forblöndur með þeim

1. Almennar kröfur um pökkun og lokunarbúnað

Hreinum fóðurefnum og öllum fóðurblöndum skal pakkað í pakkningar/sekki eða ílát sem eru innsigluð með einnota innsigli er brotnar við notkun og er ekki hægt að nota aftur.

2. Skilyrði um sölu í lausu eða opnum ílátum

Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má selja fóðurblöndur í lausu og opnum ílátum en ekki í opnum pokum/sekkjum ef:

a) varan er flutt beint frá framleiðanda til neytanda
b) um er að ræða fóðurblöndur með mest þremur fóðurtegundum
c) um er að ræða kögglað fóður

3. Skilyrði um sölu opinna pakkninga/sekkja

Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má selja fóðurblöndur í lausu í opnum pakkningum/sekkjum ef:

a) varan er flutt frá einum framleiðanda til annars
b) varan er flutt frá framleiðanda til fyrirtækis sem pakkar fóðrinu
c) um er að ræða sölu á blöndu af korni, fræi eða heilum ávöxtum
d) um er að ræða sölu saltsteina
e) fóðurblandan er flutt beint til neytanda í minna magni en 50 kg og tekin úr lokaðri pakkningu eða íláti sbr. ákvæði 1. liðar.

B. Aukefni og forblöndur með þeim

Einungis má selja aukefni og forblöndur með þeim í lokuðum ílátum eða pakkningum/sekkjum sem eru innsigluð með einnota innsigli er brotnar við notkun og er ekki hægt að nota aftur.

C. Endurnotkun flutningstækja, hverskonar íláta, pakkninga og annarra umbúða.

Endurnotkun á pokum/sekkjum er óheimil. Önnur ílát og hverskonar flutningstæki fyrir fóðurvörur skulu þvegin og/eða á annan hátt hreinsuð fullkomlega eftir notkun, áður en þau eru notuð undir annað fóður þannig að engin blöndun né mengun geti átt sér stað, að því er varðar fóðurefni, óæskileg efni (sbr. 1. viðauka) og smitefni.

7. viðauki Merking og skráning fóðurs

(tilskipun 95/69/EBE)

A. Almennt

1. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar um vöru á umbúðum eða merkimiðum á umbúðum

Í þessum viðauka og þremur næstu er kveðið á um hvernig veita skal lögboðnar upplýsingar eða viðbótarupplýsingar um fóður. Þær skulu vera á umbúðum eða merkimiða sem festur er á umbúðirnar. Upplýsingarnar skulu vera á afmörkuðum fleti.

2. Skilyrði fyrir heimild til að hafa lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar á fylgiskjali

Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má setja upplýsingar um vöruna á afmarkaðan flöt á fylgiskjali ef um er að ræða:

a) fóður sem selt er í tankvögnum eða þess háttar (búlkafóður)
b) fóður sem selt er í lausri vigt, opnum ílátum eða pakkningum í samræmi við liði 2 og 3 í A-hluta 6. viðauka.

3. Kröfur um aðrar upplýsingar en lögboðnar upplýsingar eða viðbótarupplýsingar

Heimilt er að setja aðrar upplýsingar en þær sem um getur í lið 1 utan afmarkaða flatarins og:

- skal ekki viljandi tilgreina tilvist eða magn annarra fóðurefna en þeirra sem skráð eru samkvæmt 2. lið D-hluta í 9. viðauka (Upplýsingar um vöru- og greiningarefni)
- má ekki villa um fyrir neytandanum með því t.d. að bæta við virkni eða eiginleikum sem ekki eru fyrir hendi eða gefa það í skyn ef það er allt annað fóður sem hefur samsvarandi virkni/áhrif
- má ekki vísa til fyrirbyggjandi eiginleika fóðursins eða að það dragi úr sjúkdómseinkennum eða lækni sjúkdóma
- skal aðeins tilgreina áþreifanlega eða mælanlega stærð sem hægt er að sýna.

4. Frekari ákvæði um merkingar eftir tegund dýra

4.1 Fóður fyrir dýr sem nota má til manneldis:
Merkingu (einnig hráefnasamsetning tilgreind í prósentum) fóðurs fyrir innlenda framleiðslu skal afhenda Aðfangaeftirlitinu í síðasta lagi á framleiðsludegi.
Nýjar upplýsingar skal skrá, eftir því sem við á og allar breytingar ber að tilkynna Aðfangaeftirlitinu strax og þær hafa verið gerðar.

4.2 Loðdýra- og gæludýrafóður:
Merkingu fóðurs skal afhenda Aðfangaeftirlitinu í síðasta lagi á framleiðsludegi.
Nýjar upplýsingar skal skrá áður en hin breytta vara er flutt inn eða sett í sölu. Loðdýrafóður sem framleitt er á loðdýrabúum og/eða í sérstökun fóðureldhúsum úr frosnu eða fersku fóðurefni er undanskilið þessum ákvæðum um merkingar, enda skulu þau hafa samning við þar til bæran aðila um innra eftirlit með fóðurgerðinni.

5. Merking og skráning fóðurs

5.1 Ekkert fóðurefni, fóður né neinskonar fóðurvörur má markaðssetja eða selja nema það hafi fyrst verið skráð hjá Aðfangaeftirlitinu.

5.2 Umsóknir um skráningu skulu sendar Aðfangaeftirlitinu á þar til gerðum eyðublöðum ásamt þeim gögnum sem krafist er og staðfestir það skráningu vörunnar, hafi henni verið lýst á fullnægjandi hátt. Allar upplýsingar vegna skráningar skulu vera á íslensku eða ensku.

5.3 Innflytjandi skal tilkynna til Aðfangaeftirlitsins á þar til gerðum eyðublöðum í hvert skipti um innflutning skráðrar vöru minnst 48 klst. áður en varan berst til landsins og skulu fylgja tilkynningunni þau skjöl sem krafist er af Aðfangaeftirlitinu hverju sinni á íslensku eða ensku.

5.4 Undanskilið ákvæðum liðar 5.1 er eftirlitsskylt fóður og fóðurvörur sem bændur framleiða sjálfir á búum sínum og selja sín á milli, s.s. kornvara, sem ekki hefur eða hefur í litlum mæli fengið tæknilega meðhöndlun og er án hverskonar íblöndunar aukefna annarra en leyfilegra efna til að bæta verkun.

8. viðauki Merking fóðurefna

Feitletruðu upplýsingarnar um vöruna eru lögboðnar og **skal** færa þær inn á afmarkaða flötinn. Upplýsingarnar um vöruna með óbreyttu letri eru til viðbótar og er heimilt að færa þær inn á afmarkaða flötinn.

Nr.	Eftirfarandi upplýsingar um vöruna **skal**/má færa inn á afmarkaða flötinn
1	**Hugtakið "Hreint fóðurefni"**
2	**Heiti fóðurs í samræmi við 2. dálk B-hluta 2. viðauka og ef við á:** **1. Ef hreina fóðurefnið hefur fengið aðra meðferð en ráða má af heiti fóðursins, skal tilgreina meðferð, framleiðslumeðferð og í sumum tilvikum form vörunnar, t.d. "kögglað", "valsað", "kurlað" eða "malað".** **2. Ef afurðir sem tilgreindar eru í 2. dálki B-hluta 2. viðauka eru einnig notaðar sem eðlisbreytingarefni eða bindiefni skal tilgreina:** **- gerð og magn eðlisbreytingarefnis** **- gerð og magn bindiefnis** 3. Bæta má við heiti hreinu fóðurefnanna í liðum 1.24 – 1.26 í B-hluta 2. viðauka heiti sem skýrir hvort um er að ræða brauðhveiti, harðhveiti eða brauðhveiti og harðhveiti 4. Bæta má við heiti hreinu fóðurefnanna í liðum 2.18 og 9.08 í B-hluta 2. viðauka heiti plöntu- eða dýrategunda sem afurðin er framleidd úr
3	**Merking fóðurefna sem samanstanda af próteinum sem unnin eru úr veljum spendýra skal merkja samkvæmt ákvæðum 5. lið D-hluta 2. viðauka**
4	**Innihald fóðurefna sem eru tilgreind[1] í 4. dálki B-hluta 2. viðauka [2]** **Innihald næringarefna sem tilgreind eru í 2. dálki C-hluta 2. viðauka um fóðurefni sem eru ekki skráð í B-hluta 2. viðauka**
5	Þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 5. – 7. lið A-hluta 2. viðauka, ef við á
6	**Nettóþyngd er yfirleitt tilgreind. Tilgreina skal nettórúmmál eða nettóþyngd fljótandi afurða. Tilgreina skal stykkjafjölda eða nettóþyngd fóðurs sem yfirleitt er selt í séreiningum**
7	**Nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á upplýsingunum sem veittar eru í samræmi við 1. til 4. lið**
8	Kenni eða vörumerki þess sem ber ábyrgð á upplýsingunum
9	Lotunúmer
10	Notkunarleiðbeiningar og geymsluþol
11	Framleiðsluland
12	Verð

[1] Reikna skal prósentuhlutfall út frá þyngdinni.
[2] Aðfangaeftirlitinu er heimilt að krefjast upplýsinga um fóðurefni í vörum sem ekki eru í 4. dálki B-hluta 2. viðauka

9. viðauki Merking fóðurblandna

A. Almenn krafa

Sjá einnig A-hluta í 7. viðauka.

Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar eru skráðar í 1. og 2. lið D-hluta.

1. Upplýsingar um vöruna sem **skal** færa inn á afmarkaða flötinn eru **feitletraðar** eða merktar með „+".
2. Upplýsingar um vöruna sem má færa inn á afmarkaða flötinn eru með óbreyttu letri eða merktar með „o".
3. Þær upplýsingar um vöruna sem tilgreindar eru í 2. undirlið 1. liðar (dýrategund eða dýraflokkur) og 3. undirlið (notkunarleiðbeiningar) eru ekki skyldubundnar ef mest þrjú hráefni eru í fóðurblöndunni og ráða má upplýsingarnar af nafni fóðurblöndunnar.
4. Upplýsingar um vöruna í samræmi við 9. undirlið 1. liðar (vatnsinnihald) og 10. undirlið (innihald ösku sem er óuppleysanleg í saltsýru) auk upplýsinga í samræmi við 11. undirlið (greiningarefni) eru ekki skyldubundnar ef um er að ræða blöndur úr heilkorni. Þær má þó tilgreina.
5. Þrátt fyrir ákvæði 1. undirliðar 1. liðar D-hluta (heiti fóðurblöndu), má tilgreina heilkorn eða fóðurbæti fyrir önnur gæludýr en hunda og ketti sem „fóðurblöndu". Ef það heiti er notað skal veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 11. undirlið (greiningarefni) eins og fyrir heilkorn í 2. lið D-hluta.
   Þrátt fyrir ákvæði í fyrrgreindum 1. og 2. lið má tilgreina upplýsingar um vöru í 4. undirlið 1. liðar D-hluta (nettómagn), 12. undirlið (geymsluþol) og 13. undirlið (tilvísunarnúmer) utan afmarkaða flatarins ef vísað er til þess á afmarkaða fletinum hvar upplýsingarnar er að finna.
6. Grasafræðilegur hreinleiki og merkingar:
   Ef annað er ekki tilgreint í A-hluta 5. viðauka og B-hluta 2. viðauka skulu hráefni með minni grasafræðilegan hreinleika en 95 % merkt sem fóðurblöndur í samræmi við þennan kafla.

B. Sérstök krafa um einstakar fóðurtegundir

1. Aukefni

Innihald aukefna skal tilgreina undir heitinu „Aukefni" á afmarkaða fletinum og aðskilja greinilega frá upplýsingum um vöruna í samræmi við 1. lið. Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við ákvæðin í 10. viðauka.

2. Próteinríkar gerjunarafurðir, amínósýrur og einföld N-sambönd (NPN)

Innihald skal tilgreina á afmarkaða fletinum en aðskilja greinilega frá upplýsingum um vöruna skv. 1. lið. Nafngreina skal afurðina í samræmi við 2. dálk töflunnar í 4. viðauka ef annað er ekki tilgreint í 7. dálki.

C. Merking fóðurblandna sem innihalda prótein sem unnin eru úr vefjum spendýra og fugla

Merking fóðurblandna sem innihalda prótein sem unnin eru úr vefjum spendýra og fugla skal merkja sem hér segir: „ Þetta fóður inniheldur dýraafurðir – óheimilt er að gefa það dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis", í samræmi við ákvæði í D-hluta 2. viðauka.

D. Upplýsingar fyrir merkingu á fóðurblöndum

1. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar

Upplýsingar sem eru **feitletraðar** eða merktar með "+" eru lögboðnar og **verður** að færa inn á afmarkaða flötinn.
Upplýsingar með óbreyttu letri eða "o" eru til viðbótar *má* færa inn á afmarkaða flötinn.

Nr.	Upplýsingar um vöru á afmarkaða fletinum:	Dýr til manneldis og loðdýr	Hundar og kettir	Önnur gæludýr en hundar og kettir
1	**Heiti fóðurblöndu:** "Heilfóður", "Fóðurbætir", "Melassafóður", "Gervimjólk sem heilfóður" eða "Gervimjólk sem fóðurbætir"	+	+	+
2	**Dýrategund eða dýraflokkur** sem fóðurblandan er ætluð	+	+	+
3	**Notkunarleiðbeiningar** með upplýsingum um hvernig nota ber fóðurblönduna	+	+	+
4	**Nettómagn** fóðurs í föstu formi skal tilgreina í þyngdareiningum og fóðurs í fljótandi formi í rúmmáls- eða þyngdarein.	+	+	+
5	**Hráefnainnihald (samsetning)** velja skal milli eftirfarandi möguleika varðandi upplýsingar um hráefnainnihald: 1.	**Hráefnið er tilgreint eftir fallandi þyngd. Heiti og lýsing hráefnis verður að vera í samræmi við B-hluta 2. viðauka. Önnur hráefni sem eru ekki nefnd í B-hluta 2. viðauka skal tilgreina með heiti sem villir ekki um fyrir kaupanda.**	**Hráefnið er tilgreint eftir fallandi þyngd. Heiti og lýsing hráefnis verður að vera í samræmi við B-hluta 2. viðauka. Önnur hráefni sem eru ekki nefnd í B-hluta 2. viðauka skal tilgreina með heiti sem villir ekki um fyrir kaupanda.**	**Hráefnið er tilgreint eftir fallandi þyngd. Heiti og lýsing hráefnis verður að vera í samræmi við B-hluta 2. viðauka. Önnur hráefni sem eru ekki nefnd í B-hluta 2. viðauka skal tilgreina með heiti sem villir ekki um fyrir kaupanda.**
	Heimilt er að tilgreina hráefna-innihald fyrir önnur gæludýr en hunda og ketti. Ef innihaldi er lýst skal tilgreina öll hráefni. 2.		**Upplýsingar um magn hráefnis. Heiti og lýsing hráefnis verður að vera í samræmi við B-hluta 2. viðauka. Önnur hráefni sem eru ekki nefnd í B-hluta 2. viðauka skal tilgreina með heiti sem villir ekki um fyrir kaupanda.**	Upplýsingar um magn hráefnis. Heiti og lýsing hráefnis verður að vera í samræmi við B-hluta 2. viðauka. Önnur hráefni sem eru ekki nefnd í B-hluta 2. viðauka skal tilgreina með heiti sem villir ekki um fyrir kaupanda.
	3.	**Upplýsingar um flokka hráefna í samræmi við lið 3.1. eftir fallandi þyngd. Sé lýsing á flokki hráefna ekki til skal aðeins tilgreina heiti hráefnis eftir fallandi þyngd og flokki.**	**Upplýsingar um flokka hráefna í samræmi við lið 3.1. eftir fallandi þyngd. Sé lýsing á flokki hráefna ekki til skal aðeins tilgreina heiti hráefnis eftir fallandi þyngd og flokki.**	Upplýsingar um flokka hráefna í samræmi við lið 3.1. eftir fallandi þyngd. Sé lýsing á flokki hráefna ekki til skal aðeins tilgreina heiti hráefnis eftir fallandi þyngd og flokki.
6	**Próteinríkar gerjunarafurðir, amínósýrur, einföld N-sambönd (NPN) o.fl.**	**Tilgreina skal heiti og innihald afurðarinnar í samræmi við 2. dálk töflunnar í 4. viðauka ef annað er ekki tilgreint í 7. dálki**	**Tilgreina skal heiti og innihald afurðarinnar í samræmi við 2. dálk töflunnar í 4. viðauka ef annað er ekki tilgreint í 7. dálki**	**Tilgreina skal heiti og innihald afurðarinnar í samræmi við 2. dálk töflunnar í 4. viðauka ef annað er ekki tilgreint í 7. dálki**
7	**Aukefni:** Innihald aukefna skal tilgreina undir fyrirsögninni "Aukefni" og aðskilja greinilega frá öðrum upplýsingum um vöruna	**Tilgreina skal þau aukefni sem feitletruð eru í 3. lið í B-hluta 10. viðauka.** Þau aukefni sem má tilgreina eru með óbreyttu letri í 3. lið í B-hluta 10. viðauka	**Tilgreina skal þau aukefni sem feitletruð eru í 3. lið í B-hluta 10. viðauka.** Þau aukefni sem má tilgreina eru með óbreyttu letri í 3. lið í B-hluta 10. viðauka	**Tilgreina skal þau aukefni sem feitletruð eru í 3. lið í B-hluta 10. viðauka.** Þau aukefni sem má tilgreina eru með óbreyttu letri í 3. lið í B-hluta 10. viðauka

8	Leggja má áherslu á **innihald tiltekinna hráefna** eða lítið magn einnar eða fleiri tegunda hráefna sem eru þýðingarmikil fyrir eiginleika fóðursins.		Tilgreina skal hámarks- eða lágmarks-innihald þessara hráefna (í þyngdareiningum) ásamt upplýsingum um hráefni í samsetningunni eða upplýsingum um hráefni í þyngdareiningum í samsvarandi flokki hráefna.	Tilgreina skal hámarks- eða lágmarksinnihald þessara hráefna (í þyngdareiningum) ásamt upplýsingum um hráefni í samsetningunni eða upplýsingum um hráefni í þyngdareiningum í samsvarandi flokki hráefna.
9	**Vatnsinnihald í:** 1. gervimjólk og öðrum fóðurblöndum sem innihalda meira en 40% mjólk 2. Steinefnafóðri án lífrænna efna 3. Steinefnafóðri með lífrænum efnum 4. öðrum fóðurblöndum	Meira en 7% + Allt að 7% o Meira en 5% + Allt að 5% o Meira en 10% + Allt að 10% o Meira en 14% + Allt að 14% o	Meira en 7% + Allt að 7% o Meira en 5% + Allt að 5% o Meira en 10% + Allt að 10% o Meira en 14% + Allt að 14% o	Meira en 7% + Allt að 7% o Meira en 5% + Allt að 5% o Meira en 10% + Allt að 10% o Meira en 14% + Allt að 14% o
10	**Innihald ösku sem er óuppleysanleg í saltsýru (% af þurrefni)** 1. fóðurblöndur sem innihalda viðurkennd ólífræn bindiefni 2. steinefnafóður 3. fóðurblöndur sem innihalda meira en 50% sneiðar eða kjöt af sykurrófum 4. fóðurblöndur sem eru að mestum hluta aukaafurðir úr hrís 5. aðrar fóðurblöndur	Innihald skal tilgreina í % af fóðri: Meira en 2,2% + Allt að 2,2% o Allt að 3,3% o Allt að 2,2% o	Innihald skal tilgreina í % af fóðri: Meira en 2,2% + Allt af 2,2% o Allt að 3,3% o Allt að 2,2% o	Innihald skal tilgreina í % af fóðri: Meira en 2,2% + Allt af 2,2% o Allt að 3,3% o Allt að 2,2% o
11	**Greiningarefni:** Ef veittar upplýsingar vísa ekki til þyngdar blöndunnar skal það tekið fram skýrt og greinilega	**Greiningarefni sem verður að tilgreina eru feitletruð í 2. lið** Greiningarefni sem má tilgreina eru með óbreyttu letri í 2. lið	**Greiningarefni sem verður að tilgreina eru feitletruð í 2. lið** Greiningarefni sem má tilgreina eru með óbreyttu letri í 2. lið	**Greiningarefni sem verður að tilgreina eru feitletruð í 2. lið** Greiningarefni sem má tilgreina eru með óbreyttu letri í 2. lið
12	**Geymsluþol**[1] 1. fóður sem í örverufræðilegu tilliti hefur gott geymsluþol: "notist fyrir", ásamt dagsetningu (dagur, mánuður og ár) 2. annað fóður: "Best fyrir", ásamt dagsetningu (mánuður og ár)	+	+	+

[1] Ef nauðsynlegt er að tilgreina geymsluþol vegna innihalds annarra efna (t.d.aukefna), skal aðeins tilgreina dagsetningu þeirra efna sem minnsta geymsluþolið hafa.

13	**Framleiðsludagur, tilvísunarnúmer vörulotunnar, eftir því sem við á.** Tilgreina skal framleiðsludag á eftirfarandi hátt: framleitt (dagur, mánuður, ár) Hægt er að velja milli eftirfarandi möguleika þegar veita á upplýsingar: 1. 2.	**Tilvísunarnúmer** Framleiðsludagur **Framleiðsludagur** Tilvísunarnúmer	**Tilvísunarnúmer** Framleiðsludagur **Framleiðsludagur** Tilvísunarnúmer	**Tilvísunarnúmer** Framleiðsludagur **Framleiðsludagur** Tilvísunarnúmer
14	**Nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð** á upplýsingunum	+	+	+
15	**Kenni (merki) eða vörumerki** þess sem ber ábyrgð á upplýsingunum	o	o	o
16	**Nafn eða fyrirtæki framleiðenda og heimilisfang eða viðskiptaskrifstofa** ef hlutaðeigandi ber ekki ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma á merkimiðanum	o	o	o
17	**Framleiðsluland**	o	o	o
18	**Vöruverð**	o	o	o
19	**Heiti vörunnar eða vörumerki (viðskiptaheiti)**	o	o	o
20	**Ástand fóðursins** eða sérstök meðferð sem það hefur fengið	o	o	o
21	Meðmæli með fóðurblöndunni með vísan til þess hvort hún fullnægir kröfum um efnainnihald			

2. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar um greiningarefni (sbr. 11. undirlið 1. liðar)

Feitletrun eða "+" merkir að greiningarefni **skal** tilgreina. Ef þetta á við um allar dýrategundir er það merkt með "+".
Óbreytt letur eða "o" merkir að greiningarefni má tilgreina. Ef þetta á við um allar dýrategundir er það merkt með "o".

Greiningarefni og innihald	Heilfóður	Fóðurbætir: steinefnafóður	Fóðurbætir: melassafóðurblöndur	Annar fóðurbætir
Prótein[1] Tréni Aska	**Dýr, þó ekki önnur gæludýr en hundar og kettir** Önnur gæludýr en hundar og kettir	o	+	**Dýr, þó ekki önnur gæludýr en hundar og kettir** Önnur gæludýr en hundar og kettir
Fita	**Dýr, þó ekki önnur gæludýr en hundar og kettir**	o	o	**Dýr, þó ekki önnur gæludýr en hundar og kettir**

[1] Gefa skal upplýsingar utan flatarins um amínósýrur sem frásogast í þörmum (AAT) og próteinjafnvægi í vömb (PBV)

	Önnur gæludýr en hundar og kettir			Önnur gæludýr en hundar og kettir
Lýsín	**Svín** Önnur dýr en svín	o		**Svín** Önnur dýr en svín
Metíónín	**Alifuglar** Önnur dýr en alifuglar	o		**Alifuglar** Önnur dýr en alifuglar
Systín	o	o		o
Treónín	o	o		o
Tryptófan	o	o		o
Orkugildi	Alifuglar[1] Svín, jórturdýr, hross[2] Hundar og kettir[3]			Alifuglar[1] Svín, jórturdýr, hross[2] Hundar og kettir[3]
Sterkja	o			o
Sykur samtals (súkrósi)	o		+	o
Sykur + sterkja samtals	o			o
Kalsíum	o	+	o	**≥ 5 % Önnur dýr en gæludýr** Gæludýr < 5% o
Natríum	o	+	o	o
Fosfór	o	+	o	**≥ 2 % Önnur dýr en gæludýr** Gæludýr < 2% o
Magnesíum	o	**Jórturdýr** Önnur dýr en jórturdýr	≥0,5 % **Jórturdýr** Önnur dýr en jórturdýr < 0,5% o	≥0,5 % **Jórturdýr** Önnur dýr en jórturdýr < 0,5% o
Kalí	o	o	o	o

[1] Tilgreint í samræmi við lýsingu í auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins
[2] Tilgreint í samræmi við auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins
[3] Orkugildið er reiknað í samræmi við lýsingu í auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins

3. Heiti flokka hráefna í fóðurblöndum

3.1 Heiti flokka hráefna sem notuð eru í fóðurblöndur fyrir önnur dýr en gæludýr

	Heiti flokka	Lýsing
1.	Korn	Korn af öllum gerðum (meðal annars bókhveiti), án tillits til forms, þar sem aðeins hismið hefur verið fjarlægt.
2.	Kornafurðir og aukaafurðir af korni	Afurðir og aukaafurðir eftir skiptingu/vinnslu korns, að undanskildum olíum sem fjallað er um í 14. flokki. Hámarkstrénisinnihald þessara afurða og aukaafurða skal vera 25% miðað við þurrefni.
3.	Olíufræ	Olíufræ og olíualdin, án tillits til forms, þar sem aðeins hismið eða belgurinn hefur verið fjarlægður.
4.	Afurðir og aukaafurðir af olíufræi	Afurðir og aukaafurðir eftir skiptingu /vinnslu olíufræja og olíualdinna, að undanskildum olíum og fitu sem fjallað er um í 14. flokki. Hámarkstrénisinnihald þessara afurða og aukaafurða skal vera 25% miðað við þurrefni, nema þær innihaldi meira en 5% af fitu miðað við þurrefni eða meira en 15% af próteini miðað við þurrefni.
5.	Afurðir og aukaafurðir af belgjurtafræi	Belgjurtafræ ásamt afurðum og aukaafurðum eftir skiptingu/vinnslu þeirra, að undanskildum olíufræjum af belgjurtum sem fjallað er um í 3. og 4. flokki. Hámarkstrénisinnihald þessara afurða og aukaafurða skal vera 25% miðað við þurrefni.
6.	Afurðir og aukaafurðir af hnúðjurtum	Afurðir og aukaafurðir af rótarhnýðum og rótum, að undanskildum sykurrófum sem fjallað er um í 7. flokki. Hámarkstrénisinnihald þessara afurða skal vera 25% miðað við þurrefni.
7.	Afurðir og aukaafurðir úr sykurframleiðslu	Afurðir og aukaafurðir af sykurrófum og sykurreyr. Hámarkstrénisinnihald þessara afurða og aukaafurða skal vera 25% miðað við þurrefni.
8.	Afurðir og aukaafurðir úr vinnslu aldina	Afurðir og aukaafurðir úr vinnslu aldina. Hámarkstrénisinnihald þessara afurða og aukaafurða skal vera 25% miðað við þurrefni, nema þær innihaldi meira en 5% af fitu miðað við þurrefni eða meir en 15% af próteini miðað við þurrefni.
9.	Þurrkaðar fóðurjurtir	Hrað- eða náttúrulega þurrkaðir hlutar fóðurjurta ofan jarðar sem eru grænir við uppskeru. Hámarkstrénisinnihald þessara afurða og aukaafurða skal vera 25% miðað við þurrefni, nema þær innihaldi meira en 15% af próteini miðað við þurrefni.
10.	Trénisríkar afurðir	Efnisþættir með meira en 25% af tréni miðað við þurrefni, eins og t.d. hálmur, hismi og hýði, að undanskildum afurðum sem fjallað er um í 4., 8. og 9. flokki.
11.	Mjólkurafurðir	Allar afurðir úr mjólkurvinnslu, fyrir utan aðskilda mjólkurfitu sem fjallað er um í 14. flokki.
12.	Fiskafurðir	Heilir fiskar eða hlutar fiska eða annarra sjávardýra sem hafa kalt blóð ásamt afurðum úr þeim, að undanskilinni fiskolíu og úrefnum hennar sem fjallað er um í 14. flokki og að undanskildum afurðum sem innihalda meira en 50% af ösku miðað við þurrefni og fjallað eru um í 14. flokki.
13.	Steinefni	Ólífræn eða lífræn efni sem innihalda meira en 50% af ösku miðað við þurrefni, að undanskildu efni sem miðað við þurrefni inniheldur meira en 5% af ösku sem er óuppleysanleg í saltsýru.
14.	Olía og fita	Olía og fita úr dýra- eða jurtaríkinu og úrefni þeirra.
15.	Afurðir frá brauð- og pastagerðum	Úrgangsefni og afgangar frá brauð- og pastagerðum.

3.2 Heiti flokka hráefna sem notuð eru í fóðurblöndur fyrir gæludýr

	Heiti flokka	Lýsing
1.	Kjöt- og aukaafurðir úr dýraríkinu	Allt kjöt af landdýrum sem hafa heitt blóð og hefur verið slátrað, ferskt eða varðveitt með viðeigandi aðferðum og allar afurðir og aukaafurðir úr vinnslu sláturs eða sláturhluta af landdýrum sem hafa heitt blóð.
2.	Mjólk og mjólkurafurðir	Mjólkurafurðir, ferskar eða varðveittar með viðeigandi aðferðum og aukaafurðir úr slíkri vinnslu.
3.	Egg og afurðir úr eggjum	Afurðir úr eggjum, ferskar eða varðveittar með viðeigandi aðferðum og aukaafurðir úr slíkri vinnslu.
4.	Olía og fita	Olía og fita úr dýra- og jurtaríkinu.
5.	Ger	Ger þar sem gerfrumur hafa drepist og þornað.
6.	Fiskur og aukaafurðir úr fiski	Fiskur eða fiskhlutar, ferskur eða varðveittur með viðeigandi aðferðum og aukaafurðir úr slíkri vinnslu.
7.	Korn	Allar korntegundir, án tillits til þess í hvaða formi þær eru, eða afurðir sem eru framleiddar með vinnslu sterkjuríkrar fræhvítu kornsins.
8.	Matjurtir	Matjurtir og belgjurtir, ferskar eða varðveittar með viðeigandi aðferðum.
9.	Aukaafurðir úr jurtaríkinu	Aukaafurðir úr vinnslu afurða úr jurtaríkinu, einkum korns, matjurta, belgaldinna og olíuríkra fræja.
10.	Próteinútdráttur úr jurtum	Afurðir úr jurtaríkinu þar sem próteini hefur verið þjappað saman með viðeigandi aðferðum og það endurmyndað í sumum tilvikum; prótein skal nema að minnsta kosti 50% af þurrefninu.
11.	Steinefni	Ólífræn efni sem henta í fóður.
12.	Sykur	Sykur af öllum gerðum.
13.	Ávextir	Allar tegundir ávaxta, ferskir eða varðveittir með viðeigandi aðferðum.
14.	Hnetur	Allur hnetukjarni.
15.	Fræ	Allar frætegundir, heilfræ eða grófkurlað fræ.
16.	Þörungar	Allar gerðir þörunga, ferskar eða varðveittar með viðeigandi aðferðum.
17.	Lindýr og skeldýr	Lindýr, krabbadýr og kræklingar, fersk eða varðveitt með viðeigandi aðferðum ásamt aukaafurðum úr slíkri vinnslu.
18.	Skordýr	Allar skordýrategundir á öllum þroskastigum.
19.	Bökunarvörur	Allar bökunarvörur: brauð, kökur, kex og deig eða vörur sem eru notaðar í deig.

10. viðauki Merking aukefna og forblandna þeirra

A. Merkingar á aukefnum og forblöndum með þeim.

Almenn ákvæði:
Við sölu skulu aukefni vera merkt samkvæmt lögboðnum vöruupplýsingum og ef til vill með viðbótarupplýsingum sem um getur í 1. lið.
Við sölu skulu forblöndur með aukefnum vera merktar samkvæmt lögboðnum vöruupplýsingum og ef til vill með viðbótarupplýsingum sem um getur í 2. lið.
Framleiðandi, umbúðaframleiðandi/pökkunaraðili, innflytjandi, seljandi eða birgir með staðfestu innan EES-svæðisins er ábyrgur fyrir upplýsingum um aukefni eða forblöndur með þeim.
Þegar um er að ræða forblöndur sem innihalda mörg aukefni og ef tilgreina skal síðasta söludag eða geymsluþol samkvæmt ákvæðunum í 3. lið í B-hluta skal miða við það aukefni sem hefur stystan gildistíma eða geymsluþol.

1. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar aukefna (óblandaðra)

Feitletraðar upplýsingar eða "+" merkir að greiningarefni **skal** tilgreina. Ef þetta á við um allar dýrategundir er það merkt með "+".
Óbreytt letur eða "o" merkir að greiningarefni má tilgreina. Ef þetta á við um allar dýrategundir er það merkt með "o".

Upplýsingar um vöru:	**Efnisflokkar:**			
	Hníslalyf og önnur lyf	**Selen**	**Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni**	**Allir aðrir flokkar aukefna**
Sérheiti aukefnisins í samræmi við D-hluta 3. viðauka	+	+	+	+
Tilgreina skal EB-númer í tengslum við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o
Tilgreina skal viðskiptaheiti í tengslum við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o
Innihald virks efnis	+	+	+ **Raunverulegt innihald E-vítamíns skal tilgreina sem innihald alfa-tókóferóls**	+
Nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á upplýsingum sem tilgreindar eru á merkimiðanum	+	+	+	+
Nafn eða fyrirtæki framleiðanda og heimilisfang eða viðskiptaskrifstofa ef hlutaðeigandi ber ekki ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma á merkimiðanum	+	o[1]	o[1]	o[1]
Nettóþyngd fastra efna skal tilgreina í þyngdareiningum. Fljótandi efna í rúmmáls- eða þyngdareiningum	+	+	+	+

[1] Tilgreint í tengslum við sérheiti aukefnis

Síðasti söludagur eða geymsluþol reiknað frá framleiðsludegi	+		+	
Rita skal: "Notist aðeins af framleiðanda forblöndu"	+	+		
Rita skal: "Notist aðeins við framleiðslu fóðurs"			+	+
Notkunarleiðbeiningar með ákvæðum um öryggi við notkun í samræmi við dálkinn "Önnur ákvæði" í D-hluta 3. viðauka	+	o[1]	o[1]	o[1]
Lotunúmer	+			
Framleiðsludagur lotunnar	+			

2. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar forblandna

Feitletraðar upplýsingar eða "+" merkir að greiningarefni **skal** tilgreina. Ef þetta á við um allar dýrategundir er það merkt með "+".
Upplýsingar með óbreyttu letri eða "o" merkir að greiningarefni má tilgreina. Ef þetta á við um allar dýrategundir er það merkt með "o".

Upplýsingar um vöru:	**Efnisflokkar:**							
	Sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf	**Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni**	**Selen**	**Snefilefni, önnur en selen**	**And-oxunar-efni**	**Litar-efni, þar á meðal dreifu-litir**	**Rotvarnarefni**	**Aðrir flokkar: Bragðefni og lystaukandi efni, ýruefni, varðveisluefni og þykkingarefni. Bindiefni, kekkjavarnarefni og hleypi-efni. pH-stýriefni.**
Sérheiti aukefnisins í samræmi við D-hluta 3. viðauka	+	+	+	+	+	+	+	+
Tilgreina skal EB-númer í tengslum við sérheiti aukefnisins.	o	o	o	o	o	o	o	o
Tilgreina skal viðskiptaheiti í tengslum við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o	o	o	o	o
Innihald virkra efna	+	+	+	+				
		Innihald E-vítamíns er tilgreint sem innihald alfatókó-feróls	**Tilgreina skal heildar-innihald Selens**	**Tilgreina skal innihald frumefna**				

Innihald virks efnis ef hámarksgildi efnanna í heilfóðri eru ákvörðuð					+	+	+		
Innihald virks efnis ef hámarksgildi efnanna í heilfóðri eru ekki ákvörðuð og aukefnið hefur virkni í sjálfu fóðrinu og hægt er að stýra því með opinberlega eða vísindalega viðurkenndri aðferð					+	+	+		
Innihald virks efnis ef aukefnið hefur virkni í sjálfu fóðrinu og hægt er að stýra því með opinberri eða vísindalegri aðferð								+	
Rita skal: "Forblanda"	+	+	+	+	+	+	+	+	
Dýrategund eða dýraflokkur sem forblandan er ætluð	+	+	+	+	+	+	+	+	
Nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á upplýsingunum	+	+	+	+	+	+	+	+	
Nafn eða fyrirtæki framleiðanda og heimilisfang eða viðskiptaskrifstofa ef hlutaðeigandi ber ekki ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma á merkimiðanum	+								
Nettómagn afurða í föstu formi skal tilgreina í þyngdareiningum. Í rúmmáls- eða þyngdareiningum fyrir fljótandi efni	+	+	+	+	+	+	+	+	
Síðasti söludagur eða geymsluþol reiknað frá framleiðsludegi	+	+							
Rita skal: "Notist aðeins af framleiðanda forblöndunnar"	+		+						
Rita skal: "Notist aðeins við framleiðslu fóðurs"		+		+	+	+	+	+	
Rita skal greinilega aðskilið frá öðrum merkingum: "Röng notkun forblandna með seleni getur leitt til eitrunar"			+						
Notkunarleiðbeiningar með ákvæðum um öryggi við notkun í samræmi við dálkinn "Önnur ákvæði" í D-hluta 3. viðauka	+	+	+	+	+	+	+	+	

B. Merking aukefna í fóðurvörum

1. Almenn ákvæði

1.1 Við sölu skulu fóðurvörur sem innihalda aukefni vera merktar samkvæmt lögboðnum vöruupplýsingum og ef til vill viðbótarupplýsingum sem um getur í 3. lið þessa viðauka.

1.2 Framleiðandi, umbúðaframleiðandi/pökkunaraðili, innflytjandi, seljandi eða birgir með staðfestu innan EES-svæðisins er ábyrgur fyrir upplýsingum um fóðurvörur sem innihalda aukefni.

1.3 Tilgreina ber aukefni sem viðbótarmagn.

1.4 Tilgreina ber innihald aukefna í fóðurvörum, fyrir utan gæludýrafóður, í milligrömmum fyrir hvert kílógramm. Tilgreina ber innihald A- og D-vítamíns miðað við a.e. í hverju grammi.

1.5 Þegar um er að ræða fóðurvörur sem innihalda mörg aukefni og ef tilgreina skal síðasta söludag eða geymsluþol samkvæmt ákvæðunum í lið 3 skal miða við það aukefni sem hefur stystan gildistíma eða geymsluþol.

1.6 Þegar fóðurvörur eru seldar og
- eru ætlaðar gæludýrum,
- innihalda litarefni, rotvarnarefni eða þráavarnarefni, og
- er pakkað í umbúðir með nettóinnihaldi allt að 10 kg, nægir að á umbúðum komi fram: „íblandað litarefni", „litað með", „rotvarið með" eða „íblandað þráavarnarefni" auk „EB nr. aukefnis".

Fyrrnefndar merkingar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- að á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram tilvísunarnúmer sem gerir kleift að bera kennsl á fóðurvöruna, og
- að framleiðandi upplýsi um sérstakt heiti hennar eða þeirra aukefna sem eru notuð, komi fram fyrirspurn um slíkt.

1.7 Þegar fóðurvörur eru seldar í lausri vigt er heimilt að þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum þessa kafla komi fram í fylgiskjali.

1.8 Þegar fóðurvörur eru seldar í litlum mæli til neytenda nægir að kaupandi fái upplýsingar um vöruna á tilkynningaspjaldi eða skilti.

2. Viðbótarákvæði um merkingu aukefna í fóðurbæti

Við sölu á fóðurbæti sem inniheldur meira af aukefnum en ákvarðað er fyrir heilfóður skal bæta eftirfarandi við upplýsingarnar sem um getur í 1. lið:

a) Heiti vörunnar skal vera „Fóðurbætir" eða „Steinefnafóður".

b) Eftirfarandi skal koma fram í notkunarleiðbeiningum: „Þetta fóður er aðeins ætlað…(dýrategund og aldurshópur) með allt að …grömmum fyrir hvert kílógramm af daglegu fóðri." Heimilt er að þessar upplýsingar séu í samræmi við ákvæðin í 3. viðauka.

c) Þegar um er að ræða steinefnafóður sem inniheldur selen skal eftirfarandi einnig koma fram:
- seleninnihald, og
- „röng notkun steinefnafóðurs með seleni getur valdið eitrun."

3. Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar aukefna í fóðri o.fl.

Feitletraðar upplýsingar eða merkið "+" fyrir ólíka efnisflokka eru lögboðnar og **skal** tilgreina.

Upplýsingar með óbreyttu letri eða merkinu "o" fyrir ólíka efnisflokka eru til viðbótar og má tilgreina.

Upplýsingar um vöru:	**Efnisflokkar:**								
	Hníslalyf og önnur lyf	**A- og D-vít-amín**	**E-vítamín**	**Kopar og selen**	**And-oxunarefni**	**Litarefni**	**Rotvarnarefni**	**Vítamín, þó ekki A-, D- og E-vítam. svo og forvítamín og efni með sömu virkni[1]**	**Snefilefni, þó ekki kopar og selen[1]**
Sérheiti aukefnanna í samræmi við D-hluta 3. viðauka.	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Vegna gæludýrafóðurs skal rita: Á eftir textanum „…" skal tilgreina sérheiti aukefnisins í samræmi við D-hluta 3. viðauka.					**"Íblandað andoxun-arefni"**	**„Íblandað litarefni" / "Litað með…"**	**„Íblandað rotvarnar-efni" / „Rotvarið með…"**		
Tilgreina skal viðskiptaheiti í sambandi við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o	o	o	o	o	o
Tilgreina skal EB-númer í sambandi við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o	o	o	o	o	o

[1] Aðeins er heimilt að tilgreina innihald ef aukefnið hefur virkni í fóðrinu og hægt er að greina það með opinberum greiningaraðferðum eða vísindalega viðurkenndum aðferðum

Upplýsingar um vöru:	Efnisflokkar:								
	Sýklalyf, hníslalyf og önnur lyf	**A- og D-vít-amín**	**E-vítamín**	**Kopar og selen**	**And-oxunar-efni**	**Litarefni**	**Rotvarnarefni**	**Vítamín, þó ekki A-, D- og E-vítam. svo og forvítamín og efni með sömu virkni[1]**	**Snefilefni, þó ekki kopar og selen[1]**
Innihald virks efnis	+	+	**Innihald alfatókó-feróls**	**Innihald Cu með tilliti til Se**				o[2]	Innihald hlutaðeig-andi frumefna
Síðasti söludagur eða geymsluþol reiknað frá framleiðsludegi	+	+	+					o[2]	
Ákvæði um öryggi við notkun í samræmi við dálkinn „Önnur ákvæði" í D-hluta 3. viðauka.	+	+	+	+	+	+	+	+	+

[1] Aðeins er heimilt að tilgreina innihald ef aukefnið hefur virkni í fóðrinu og hægt er að greina það með opinberum greiningaraðferðum eða vísindalega viðurkenndum aðferðum
[2] Ef sérheiti aukefnis er tilgreint skal einnig tilgreina þessar upplýsingar um vöruna.

11. viðauki Sýnataka vegna úrtakseftirlits

A. Gildissvið og markmið

Sýnataka vegna opinbers eftirlits með fóðri með tilliti til fóðurefna, aukefna og óæskilegra efna og afurða, fyrir utan plöntuvarnarefna- og örveruleifar, skal fara fram í samræmi við ákvæði þessa viðauka. Stefnt er að því að ná eins dæmigerðu sýni og frekast er unnt úr fóðrinu þannig að greining samfara eftirlitinu gefi eins rétta mynd af viðkomandi lotu og kostur er.

B. Orðskýringar

Lota:	Tiltekið magn afurðar sem myndar einingu og hefur eiginleika sem eru taldir sama eðlis.
Hlutasýni:	Magn tekið á tilteknum stað í lotunni.
Safnsýni:	Samanlagður fjöldi hlutasýna sem eru tekin úr sömu lotu.
Minnkað sýni:	Dæmigerður hluti safnsýnisins tekinn úr því með smækkunaraðferð.
Lokasýni:	Hluti minnkaða sýnisins eða safnsýnis sem er gert einsleitt.

C. Sýnatökubúnaður og –aðferðir

Sýnatökubúnaður skal gerður úr efnum sem menga ekki afurðirnar sem sýni eru tekin úr og skal vera viðurkenndur af Aðfangaeftiritinu.

1. Handvirkur sýnatökubúnaður fyrir fóður í föstu formi

1.1 Skófla með flötum botni og lóðréttum hliðum
Nota ber skófluna við töku hlutasýna af fóðri á hreyfingu, í sekkjum eða sílóum þar sem unnt er að taka hlutasýni alls staðar úr lotunni.

1.2 Sýnatökufleinn
Sýnatökufleinn er gerður úr innra röri og ytra röri sem er lokað í annan endann og opið í hinn, sem jafnframt er tengdur handfangi. Á fleininum eru rétthyrnd op sem opnast þegar innra rörinu er snúið miðað við ytra rörið. Nota ber flein til að taka sýni bæði úr fóðri í lausu og umbúðum.

2. Handvirkur sýnatökubúnaður fyrir fóður í fljótandi formi

Að minnsta kosti 0,5 l plastflaska eða annar hentugur búnaður.

3. Vélrænn (sjálfvirkur) sýnatökubúnaður

Aðfangaeftirlitið skal í hverju tilviki viðurkenna vélrænan sýnatökubúnað.

4. Búnaður og aðferðir til að skipta sýnum

Til að ná minnkuðum sýnum og lokasýnum úr safnsýni er heimilt að nota viðurkenndan vélrænan sýnadeili eða handvirka fjórdeiliaðferð.

D. Sýnataka – almennt

Fóðurlotan sem taka á sýni úr skal vera aðskilin frá öðrum lotum til að koma í veg fyrir mistök og rugling. Fulltrúar fyrirtækisins eiga rétt á að vera viðstaddir sýnatökuna. Séu sýni tekin hjá bónda eða öðrum notanda þar sem ekki næst í fulltrúa viðkomandi fyrirtækis skal fyrirtækinu tilkynnt um sýnatökuna við fyrsta tækifæri og því sent hlutasýni, sbr. H-hluta.

Taka ber sýni og ganga frá þeim eins hratt og unnt er og við þau skilyrði sem eru nauðsynleg til að koma í veg fyrir að afurðin breytist eða mengist. Búnaður fyrir og ílát undir sýnin skulu vera hrein og þurr.

E. Taka hlutasýna

1. Hlutasýni úr fóðri vegna eftirlits með efnum og afurðum sem deilast jafnt

Ákvæðin fjalla meðal annars um sýnatöku úr heilfóðri, fóðurbæti, gervimjólk, forblöndum, hreinum fóðurefnum og öðrum fóðurefnum þar sem einstök efni og afurðir sem greina á eru einsleit eða deilast jafnt.

Lotan skal vera nægilega stór til að unnt sé að taka sýni á mismunandi stöðum í henni. Að svo miklu leyti sem kostur er ber að taka hlutasýni þannig að þau deilist jafnt úr öllum hlutum lotunnar og séu nokkurn vegin jafn stór, óháð því hvort sýnatakan fer fram með flein eða skóflu. Magnkröfurnar sem settar eru fram hér að aftan eru lágmarkskröfur.

1.1 Fóður í lausavigt

Lotur allt að 2,5 tonnum	7 hlutasýni
Lotur yfir 2,5 tonnum mest 40 hlutasýni.	Kvaðratrótin af tuttuguföldum tonnafjölda lotunnar að næstu heilu tölu fyrir ofan, en

Lotunni er skipt í óeiginlegri merkingu í jafn stóra hluta sem eru jafn margir og þau hlutasýni sem er krafist. Taka ber að minnsta kosti eitt sýni úr hverjum þessara hluta. Einnig er heimilt að taka hlutasýnin úr lotu sem er á hreyfingu, t.d. við affermingu eða fermingu.

1.2 Fóður í umbúðum

Taka ber sýni með fleini eða skóflu og ef nauðsyn krefur er einnig unnt að taka þau úr einingum sem hver um sig er tæmd.

Einingar yfir 1 kg:	
1 – 4 eininga lotur:	Allar einingar
5 – 16 eininga lotur:	4 einingar
Lotur með yfir 16 einingum:	Kvaðratrótin af einingafjölda lotunnar að næstu heilu tölu fyrir ofan, en mest 20 einingar.
Einingar 1 kg eða minni:	
Hlutasýni úr fjórum einingum.	Hvert hlutasýni samsvarar innihaldi einnar einingar.

1.3 Fóður í fljótandi eða hálffljótandi formi

Einingar yfir 1 l:	
1 – 4 eininga lotur:	Allar einingar
5 – 16 eininga lotur:	4 einingar
Lotur með yfir 16 einingum:	Kvaðratrótin af einingafjölda lotunnar að næstu heilu tölu fyrir ofan, en mest 20 einingar.
Einingar 1 l eða minni:	
Hlutasýni úr fjórum einingum.	Hvert hlutasýni samsvarar innihaldi einnar einingar.

Hlutasýni úr fóðri í fljótandi eða hálffljótandi formi sem eru eða unnt er að gera einsleit með hristingi skal taka í einingunni eða um leið og innihaldið er tæmt. Ef ekki er unnt að gera það einsleitt skal taka sýnin úr mismunandi lögum eða með töppun ef nauðsyn krefur, en með þeim hætti að fyrstu hlutunum er fleygt. Í báðum tilvikum skal heildarmagn þess efnis sem tekið er ekki vera undir 10 lítrum.

1.4 Saltsteinar og steinefnafóður

Taka skal hlutasýni úr saltsteinum eða töflum úr lotu með 25 einingum, en mest úr 4 saltsteinum eða töflum. Brotinn er hluti/hlutar úr steininum eða töflunni.

Í hlutasýni saltsteina eða taflna sem hver um sig vegur ekki meira en 1 kg skal vera einn saltsteinn eða ein tafla.

1.5 Forblöndur sem eru minna en 1% af heilfóðri

Í föstum eða fljótandi forblöndum sem eru minna en 1% af heilfóðri skal taka minnst 4 hlutasýni. Það gildir óháð stærð pakkningar/íláts. Sýnið er tekið með skóflu eða fleini.

2. Hlutasýni úr fóðri vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast venjulega ójafnt

Ákvæðin fjalla um sýnatöku úr hreinum fóðurefnum og hráefnum ef efnin og afurðirnar sem á að greina blandast venjulega ójafnt (t.d. aflatoxín, grasdrjóli, ísínusolía, crotalaria).

Fjöldi hlutasýna, í samræmi við 1. lið, ræðst af stærð lotunnar. Lotan skiptist (í óeiginlegri merkingu) í minni álíka stórar einingar (hluta) sem samsvara fjölda sýna í samræmi við 2. lið F-hluta. Ef þessi tala er hærri en einn skiptist heildarfjöldi hlutasýnanna sem krafist er nokkurn veginn jafnt milli hlutanna. Því næst eru tekin hlutasýni af nokkurn veginn sömu stærð og þannig að kröfum um stærð safnsýna sé fullnægt (minnst 4 kg).

F. Gerð safnsýna

Í safnsýni er ákveðinn fjöldi hlutasýna úr sömu lotu/hluta sem blandað er vel saman og blandan gerð einsleit. Kekki skal skilja frá og fínmala/steyta og blanda síðan í safnsýnið.

1. Safnsýni vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast jafnt í fóðrið

Krafist er safnsýnis úr hverri lotu sem á að prófa. Heildarmagn (kg eða l lítri) hlutasýna sem safnsýnið er samsett úr má ekki vera minna en eftirfarandi:

1.1 Fóður í lausavigt

Safnsýnið skal vera minnst 4 kg.

1.2 Fast, fljótandi eða hálffljótandi fóður í umbúðum

Einingar yfir 1 kg/l: Safnsýnið skal vera minnst 4 kg eða 4 lítrar.

Einingar 1 kg eða 1 lítri eða minna: Safnsýnið skal samsvara að minnsta kosti innihaldi fjögurra upprunalegra eininga.

1.3 Saltsteinar og steinefnafóðurtöflur

Yfir 1 kg: safnsýnið skal vera minnst 4 kg.

1 kg eða minna: safnsýnið skal samsvara að minnsta kosti þyngd fjögurra upprunalegra taflna eða saltsteina.

1.4 Forblöndur sem eru minna en 1% af heilfóðri

Safnsýnið skal vera minnst 1 kg eða 1 lítri.

2. Safnsýni vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast venjulega ójafnt í fóðrið

Í safnsýninu skulu vera minnst 4 kg úr hverjum hluta lotunnar í samræmi við 2. lið E-hluta. Heildarfjöldi safnsýna sem krafist er ræðst af stærð lotunnar og er sýndur í liðum 2.1 og 2.2.

2.1 Fóður í lausavigt

allt að 1 tonni	1
1 – 10 tonn	2
10 – 40 tonn	3
yfir 40 tonn	4

2.2 Fóður í umbúðum

allt að 16 pakkningar/ílát	1
17 – 200 pakkningar/ílát	2
201 – 800 pakkningar/ílát	3
yfir 800 pakkningar/ílát	4

G. Gerð lokasýna

Í hverju safnsýni sem hægt er að draga saman skulu vera þrjú lokasýni úr hlutasýnum með eftirfarandi lágmarkskröfum um magn:

Fóður í föstu formi:	500 grömm
Fljótandi eða hálffljótandi fóður:	500 ml
Forblöndur sem eru minna en 1% af heilfóðri:	250 grömm eða 250 ml

Fullnægi stærð safnsýnis ekki kröfum skal skipta því í þrjú álíka stór lokasýni.

H. Skráning, pökkun og sending

Gera skal skýrslu fyrir hverja lotu/hluta sem sýni er tekið úr á þar til gert eyðublað. Með skýrslunni skal fylgja merking fóðursins ásamt hráefnasamsetningu tilgreindri í hundraðshlutum eftir því sem við á.

Hvert lokasýni skal setja í hreint, þurrt og vatnsþétt ílát. Nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á sýnið skal setja á merkimiða sem er límdur á ílátið og á sýnatökuskýrsluna (afrit) sem fylgja skal lokasýnunum. Hvert skýrsluafrit og ílát skal setja í gagnsæjar umbúðir sem skal innsigla eða ílátið sjálft ásamt lokaskýrslunni innsiglað þannig að ekki sé unnt að opna þær nema rjúfa innsiglið.

Að lokinni skráningu og pökkun skal senda eitt lokasýni til verksmiðjueiganda/innflytjanda viðkomandi fóðurlotu eða til söluaðila, sé sýnið tekið hjá bónda eða öðrum notanda. Aðfangaeftirlitið tekur tvö lokasýni í sína vörslu og kemur öðru eins fljótt og mögulegt er til rannsóknastofu til greiningar en varðveitir hitt sýnið ásamt frumriti skýrslunnar og fylgiskjölum.

Í sýnatökuskýrslunni og viðauka hennar skal tilgreina aðstæður við sýnatöku og getur hún ásamt niðurstöðum greiningarinnar gefið Aðfangaeftirlitinu tilefni til áminningar eða annarra aðgerða.

12. viðauki Greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit

Efnafræðilegt eftirlit með næringarefnunum sem talin eru upp hér á eftir og öðrum greiningarhlutum skal framkvæmt í samræmi við viðeigandi aðferðalýsingu sem kveðið er á um í eftirtöldum tilskipunum. Fyrir eftirlitsaðferðir þar sem ekki er kveðið á um sameiginlegar aðferðarlýsingar skal greiningin gerð eftir lýsingu sem Aðfangaeftirlitið kveður á um.

	Greining/ákvörðun	*Tilskipun*
Fóðurefni:	Hráprótein	93/028/EBE
	Hráprótein óuppleysanleg í pepsín og saltsýru	72/199/EBE
	Fita	98/064/EBE
	Vatn	71/393/EBE
	Vatn í fitu úr dýra- og jurtaríkinu	73/ 46/EBE
	Tréni	92/ 89/EBE
	Sterkja	99/ 79/EBE
	Sykur	71/250/EBE
	Hráaska	71/250/EBE
	Mjólkursykur	71/250/EBE
	Aska óuppleysanleg í sýru	71/250/EBE
	Karbónöt	71/250/EBE
	Rokgjarnir köfnunarefnisbasar	71/393/EBE
Steinefni/snefilefni:	Fosfór	71/393/EBE
	Járn	78/633/EBE
	Kopar	78/633/EBE
	Kalí	71/250/EBE
	Kalsíum	71/250/EBE
	Klór úr klóríðum	71/250/EBE
	Magnesíum	73/ 46/EBE
	Mangan	78/633/EBE
	Natríum	71/250/EBE
	Sink	78/633/EBE
Amínósýrur:	Amínósýrur	98/ 64/EBE
Sýklalyf/hnislalyf:	Díklasúríl	99/ 27/EBE
	Karbadox	99/ 27/EBE
	Sinkbasitrasín	84/ 4/EBE
	Virginíamýsín	84/ 4/EBE
	Avóparsín	81/715/EBE
	Natríummónesín	81/715/EBE
	Amprólíum	99/ 27/EBE
	Lasalósíðnatríum	99/ 76/EBE
	Halófúgínón	93/ 70/EBE
	Robenidín	93/117/EBE
Óæskileg efni:	Aflatoxin B_1	94/ 14/EBE
	Óbundið gossýpól	72/199/EBE
Ýmis efni:	Úrefni	71/250/EBE
	Úreasavirkni sojaafurða	71/250/EBE
	Pepsínvirkni	72/199/EBE
	Smásjárrannsókn (við greiningu og mat á innihaldsefnum úr dýraríkinu)	98/88/EBE
	Vetnissýaníð	71/250/EBE
	Hráolía	98/ 64/EBE

13. viðauki Mörk fyrir mæld frávik við eftirlit

(m.a. tilskipun 98/67/EBE)

A. Fóðurblöndur

1. Allar dýrategundir

Greiningarefni	Tilgreint innihald í %	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Kalsíum og fosfór	≥16 12 - < 16 6 - < 12 1 - < 6 <1	1,2 prósentustig 7,5 % 0,9 prósentustig 15 % 0,15 prósentustig	3,6 prósentustig 22,5 % 2,7 prósentustig 45% 0,45 prósentustig

2. Búfé

Greiningarefni	Tilgreint innihald í %	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Almennt vatnsinnihald	≥10 5-<10 <5		1 prósentustig 10 % 0,5 prósentustig
Vatnsinnihald í blöndu fyrir spendýr og í blöndu með >40% mjólkurvörur		10% af því sem lýst er yfir	
Prótein	≥20 10-<20 <10	2 prósentustig 10 % 1 prósentustig	4 prósentustig 20 % 2 prósentustig
Meltanlegt prótein		15 %	15 %
Fita	≥15 8-<15 < 8	1,5 prósentustig 10 % 0,8 prósentustig	3 prósentustig 20 % 1,6 prósentustig
Tréni	≥12 6 -<12 < 6	5,4 prósentustig 45% 2,7 prósentustig	1,8 prósentustig 15% 0,9 prósentustig
Sterkja	≥25 10-<25 <10	2,5 prósentustig 10% 1 prósentustig	5 prósentustig 20% 2 prósentustig
Sykur (heild)	≥20 10-<20 <10	2 prósentustig 10% 1 prósentustig	4 prósentustig 20% 2 prósentustig
Aska	≥10 5-<10 <5	3 prósentustig 30% 1,5 prósentustig	1 prósentustig 10% 0,5 prósentustig
Aska sem er óuppleysanleg í saltsýru	≥10 4-<10 <4		1 prósentustig 10% 0,4 prósentustig
Natríum, kalí og magnesíum	≥15 7,5-<15 5<7,5 0,7-<5 <0,7	1,5 prósentustig 10 % 0,75 prósentustig 15 % 0,1 prósentustig	4,5 prósentustig 30% 2,25 prósentustig 45% 0,3 prósentustig
Járn í gervimjólk fyrir kálfa		30 % af tilgreindu magni	
Úrefni		0,2 prósentustig af tilgreindu magni	
Metíónín, lýsín og treónín		15 %	

Systín, tryptófan		20 %	
Breytiorka (BO), alifuglar	Tilgr. í MJ/100 kg fóður	40 MJ/100 kg fóður [1]	40 MJ/100 kg fóður [1]
FE_s, svín	Tilgr. í FE_s	0,02 FE_s /100 kg fóður [2]	0,02 FE_s /100 kg fóður [2]
FE_h, hross	Tilgr. í FE_h /100 kg fóður	0,02 FE_h /100 kg fóður [2]	0,02 FE_h /100 kg fóður [2]
FE_m, jórturdýr	Tilgr. í FE_m/100 kg fóður	0,02 FE_m/100 kg fóður [2]	0,02 FE_m/100 kg fóður [2]
AAT	Tilgr. í g/FE_m	4 g [3]	4 g [3]
PBV	Tilgr. í g/FE_m	8 g [3]	8 g [3]

1 Eftirlit er haft með breytiorku (BO) til alifugla sem er byggt á efnafræðilegri greiningu og eftirfarandi jöfnu: BO, MJ/kg fóður = 0,01551 x g prótein/kg + 0,03431 x g fita/kg + 0,01669 x g heildarmagn sykurs (táknað sem súkrósi)/kg.

2 Við eftirlit með FE_s, FE_h, og FE_m eru notaðar fóðurgildistöflur fyrir svín, hross og jórturdýr sem landbúnaðarráðherra gefur út. Ef í ljós kemur við efnafræðilegt eftirlit að fóðurblandan víki frá útreikningunum er hægt að leiðrétta FE_s, FE_h og FE_m-innihald samkvæmt leiðbeiningum í ofangreindum fóðurgildistöflum.

3 Við eftirlit með AAT og PBV er notuð fóðurgildistafla fyrir jórturdýr sem landbúnaðarráðherra gefur út. Ef fóðurvörur eru notaðar með öðrum gildum en eru í töflunni skal skrá þau.

3. Gæludýr

Greiningarefni og fóðurgildi	**Tilgreint innihald í % og MJ/kg**	**Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi**	**Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi**
Vatn	≥40 20-<40 <20		3 prósentustig 7,5% 1,5 prósentustig
Prótein	≥20 12,5-<20 <12,5	3,2 prósentustig 16 % 2 prósentustig	6,4 prósentustig 32 % 4 prósentustig
Fita		2,5 prósentustig	2,5 prósentustig
Tréni		3 prósentustig	1 prósentustig
Aska		4,5 prósentustig	1,5 prósentustig
Orka í sérfóðri[1] (MJ BO/kg)		15 %	15 %

1 Útreikningur orkugildis er gerður í samræmi við töflu sem landbúnaðarráðherra gefur út.

B. Hreinar fóðurvörur

Greiningarefni	Tilgreint innihald í %	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Prótein	≥20 10-<20 <10	2 prósentustig 10 % 1 prósentustig	
Sterkja og inúlín	≥30 10-<30 <10	3 prósentustig 10 % 1 prósentustig	
Fita	≥15 5-<15 <5	1,8 prósentustig 12 % 0,6 prósentustig	
Fosfór, natríum, kalsíumkarbónat, kalsíum og magnesíum	≥15 2-<15 <2	1,5 prósentustig 10 % 0,2 prósentustig	
Karótín og xantófyll		30 %	
Systín		20%	
Lýsín og metíónín		20%	
Vatn og aska	≥10 5-<10 <5		1 prósentustig 10 % 0,5 prósentustig
Efni sem eru óuppleysanleg í léttum alkönum (pH-tala)	≥15 2-<15 <2		1,5 prósentustig 10% 0,2 prósentustig
Aska sem er óuppleysanleg í saltsýru og klóríði, táknað sem NaCl	≥3 <3		10 % 0,3 prósentustig
Tréni	≥14 6-<14 <6		2,1 prósentustig 15% 0,9 prósentustig

C. Aukefni

Efnisflokkar	Aukefni	Tilgreint innihald eða hámarksinnihald í mg/kg	Leyfileg frávik í %
Sýklalyf		<10 10-<100 10-<1000	45 35 25
Andoxunarefni	E 310 E 311 og E 312	<100	35
	E 320 E 321 og E 324	<150	25
Bragð- og lystaukandi efni	E 954 i), ii) og iii)	<150	30
Hnískalyf		10-<100 10-<1000	30 20
Ýruefni, bindiefni þykkingar- og hleypiefni	E 496	<300	50
	E 497	<50	50
Litarefni að meðtöldum dreifulitum	E 160 og E 161	<80	50
Rotvarnarefni	E 250	<100	30

Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni og góðri efnafræðilegri lýsingu	E 672 (A-vítamín)	>100 (IE/g) <100 (IE/g)	5 20
	B1-vítamín og kólín		20 % af tilgr.magni
	B2-, B6- og B12-vítamín, níasín, pantótensýra, fólínsýra, bíótín, p-amínóbensósýra		20 % af tilgr.magni
	E 670, E 671, (D2-, D3-vítamín)		20 % af tilgr.magni
	E-vítamín		20 % af tilgr.magni
	K3-vítamín		20 % af tilgr.magni
Snefilefni	E 1 járn	<1250	30
	E 2 joð	<40	50
	E 3 kóbolt	<10	50
	E 4 kopar	<35	30
	E 5 mangan	<250	30
	E 6 sink	<250	30
	E 7 mólýbden	<2,5	50
	E 8 selen	<0,5	20

D. Óæskileg efni og afurðir

Efni / afurðir	Hámarksinnihald í mg/kg	Leyfileg frávik í %
Arsen	<12	20
Blý	<40	30
Flúor	<2000	20
Kvikasilfur	<0,5	20
Nítrat	<200	30
Kadmíum	<15	20
Aflatoxín B_1	< 0,005 0,005 - < 0,02 0,02 - < 0,2	40 30 20
Blásýra	<250	20
Óbundið gossýpol	<1200	30
Þeóbróm	<700	30
Rokgjörn mustarðsolía	<4000	20
Vinýlþíóoxasólídón	<1000	20
Korndrjóli	<1000	20
Illgresisfræ	<3000	10
Rísínusolía - *Ricinus comm.*	<10	10
Crotalaria ssp	<100	10
Aldrín og Deldrín	<0,2	50
Klórkamfer (Toxafen)	<0,1	50
Klórdan, DDT, Endó-súlfan, Endrín, Heptaklór Hexaklórbensen Hexaklórsýklóhexan Metoxýklór	<2,0	50
Klórríkt hýdrókarbónat	<0,5	100

14. viðauki Skráning og viðurkenning fyrirtækja

(Tilskipun ráðsins 95/69/EB, 98/92/EB. Tilskipun framkv. stjr. 98/51/EB)

A. Skilyrði fyrir viðurkenningu

1. Tæknibúnaður fyrir fóðurblöndunarstöðvar

Fyrirtækið skal ráða yfir tækjum og tæknibúnaði til að tryggt sé að skammtar séu nákvæmir og íblöndun hæfilega jöfn. Fyrirtæki sem framleiða forblöndur skulu og tryggja að íblöndun tiltekinna aukefna verði án þess að forblöndur af ólíkri gerð mengi hver aðra.

2. Geymsla

Geyma skal aukefni, forblöndur og fóðurblöndur sem innihalda aukefni þannig að auðvelt sé að bera kennsl á þau og að ekki sé hætta á að þeim sé ruglað saman við önnur aukefni, forblöndur eða lyfjaefni, lyfjabætt fóður eða annað fóður. Þau skulu geymd á hentugum stöðum sem hægt er að læsa og eru sérstaklega ætlaðir til geymslu slíkra framleiðsluvara.

3. Kröfur um faglegt hæfi

Fyrirtæki sem framleiða forblöndur og fóðurblöndur með þeim skulu hafa í þjónustu sinni einstakling með nauðsynlegt faglegt hæfi og þekkingu á viðkomandi aukefnum.

4. Kröfur um eftirlit og eftirlitsbúnað

4.1 Framleiðendur forblandna með tilteknum aukefnum

Fyrirtækið skal hafa möguleika á að tryggja:

a) að notkun og gæði viðkomandi aukefna sé í samræmi við ákvæði í 3. viðauka.

b) að viðkomandi aukefni séu þekkt og í réttu magni og að íblöndun þeirra og stöðugleiki í forblöndum sé hæfilegur.

Fyrirtækið skal hafa möguleika á að tryggja og hafa eftirlit með að aukefni sem eru notuð og forblöndur með þeim uppfylli fyrrnefnd ákvæði í a- og b-lið og önnur ákvæði í þessum viðauka. Hafi fyrirtæki ekki yfir eigin rannsóknastofu að ráða skal það hafa gert bindandi samning við rannsóknastofu sem Aðfangaeftirlitið samþykkir og sem skuldbindur sig til að annast viðeigandi rannsóknir fyrir fyrirtækið. Í báðum tilvikum skulu rannsóknaniðurstöður vera aðgengilegar Aðfangaeftirlitinu.

4.2 Framleiðendur fóðurblandna

Fyrirtæki sem framleiða fóðurblöndur sem innihalda tiltekin aukefni sem nota skal til íblöndunar í formi forblöndu skal fylgjast reglulega með innihaldi aukefnanna og um hvaða aukefni er að ræða og að íblöndunin sé hæfilega jöfn.

B. Krafa um skráningu

Framleiðendur fóðurblandna með forblöndum sem innihalda tiltekin aukefni skulu halda skrá yfir hverja einstaka forblöndu og aukefni. Þetta gildir einnig um umboðsmann ef framleiðandi hefur staðfestu í þriðja landi.

Skrá skal að minnsta kosti eftirfarandi:

a) nafn og heimilisfang forblöndubirgis og framleiðanda, ef hann er ekki birgir,

b) gerð og magn aðkeyptra forblandna,

c) innihald hnískalyfja í aðkeyptum forblöndum, gefið upp sem virkt efni,

d) í hvers konar fóðurblöndur forblöndurnar eru notaðar,

e) innihald virks efnis í fóðurblöndum.

Skráningin gildir á sama hátt fyrir þá sem halda búfé og hafa heimild til að nota forblöndur með tilteknum aukefnum í samræmi við ákvæði 8. gr. I. kafla.

C. Greinargerð um upplýsingar úr skýrslunum

Viðurkennd fyrirtæki skulu m.a., á grundvelli skráningarinnar, greina frá magni sýkla- og hnískalyfja og annarra lyfja og selens sem eru framleidd, aðkeypt, seld áfram og/eða notuð í ólíkum blöndum. Leggja skal fram greinargerð einu sinni í mánuði á eyðublöðum frá Aðfangaeftirlitinu.

Tilsk. 95/69/EB

D. Skilyrði fyrir viðurkenningu
Lágmarksskilyrði sem framleiðendur og milliliðir sem um getur í 8. gr D-hluta I. kafla þurfa að uppfylla til að hljóta viðurkenningu

1. a)

Aukefni og vörur sem um getur í 3. viðauka og falla undir 1. lið 8. gr. I. kafla.

— Hnískalyf og önnur lyf:	öll aukefni í flokknum
— Vaxtarhvatar:	öll aukefni í flokknum
— Vítamín, forvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif:	öll aukefni í flokknum
— Snefilefni:	öll aukefni í flokknum
— Ensím:	öll aukefni í flokknum
— Örverur:	öll aukefni í flokknum
— Karótenóíð og vefjagula:	öll aukefni í flokknum

— Efni sem hafa þráavarnaráhrif:	eingöngu aukefni sem hámarksinnihald hefur verið ákveðið fyrir
Vörur sem falla undir 4. viðauka	
— Prótein sem eru fengin úr örverum sem tilheyra flokkunum gerlar, gersveppir, þörungar, óæðri sveppir:	allar vörur í flokknum (nema undirflokki 1.2.1)
— Aukaafurðir amínósýruframleiðslu með gerjun:	allar vörur í flokknum
— Amínósýrur og sölt þeirra:	allar vörur í flokknum
— Hýdroxýhliðstæður amínósýra:	allar vörur í flokknum

1. b)

Til að Aðfangaeftirlitið viðurkenni framleiðendur sem framleiða eða markaðssetja efni og/eða vörur sem falla undir lið 1. a hér að ofan þurfa þeir að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem hér eru talin upp:

1. ***Aðstaða og búnaður***

Aðstöðu og framleiðslubúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu á viðkomandi fóðri. Aðstöðu og búnað skal innrétta, hanna og nota á þann hátt að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og hægt sé að þrífa vandlega og sinna viðhaldi til að komast hjá mengun, víxlmengun og yfirleitt öllum skaðlegum áhrifum á gæði fóðursins. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með því að aðstaða og búnaður, sem notað er við framleiðsluferli og hafa áhrif á gæði fóðursins, samræmist skráðum aðferðum sem framleiðandinn ákveður fyrirfram vegna framleiðslu þeirra.

2. ***Starfsfólk***

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða viðkomandi fóður. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar skriflegar upplýsingar um skylduverk sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi fóðurs sem sóst er eftir.

3. ***Framleiðsla***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirfram ákveðnum skráðum aðferðum og fyrirmælum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu.

Gera skal tæknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun og mistök. Nauðsynlegt er að til séu fullnægjandi og viðeigandi úrræði til að sinna eftirliti meðan á framleiðslu stendur.

4. ***Gæðastjórnun***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni.

Framleiðandinn skal hafa aðgang að rannsóknastofu fyrir gæðastjórnun sem hefur nógu marga starfsmenn og fullnægjandi búnað til að tryggja og fylgjast með því, áður en fóðrið er afhent með tilliti til þess að markaðssetja það, að það samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og ákvæðunum sem sett eru með reglugerðinni. Heimilt er að nota rannsóknastofu sem er utan starfsstöðvarinnar.

Gera skal skriflega áætlun um gæðastjórnun og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort hráefni, virk efni, burðarefni og fóður samræmast viðkomandi forskriftum og hvernig beri að ráðstafa þeim ef þau samræmast ekki forskriftunum.

Úr virku efnunum og hverri framleiðslulotu fóðurs sem sett er í dreifingu eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar, þegar um samfellda framleiðslu er að ræða, skal taka nægilegt magn sýna, samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna. Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau. Sýnin skulu geymd við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist óeðlilega. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að þeim að minnsta kosti meðan ábyrgð á hinni fullunnu vöru er í gildi.

5. ***Geymsla***

Hráefni, virk efni, burðarefni og fóður, hvort sem þau eru í samræmi við forskriftirnar eða ekki, verður að geyma í hentugum ílátum í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði og þeir einstaklingar einir hafa aðgang að sem hafa til þess leyfi framleiðandans.

Þau skulu geymd þannig að auðvelt sé að sanngreina þau og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fóðurtegunda sem getið er hér að framan og við lyf. Aukefnum skal pakka inn og merkja í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Fóður sem fellur undir reglugerðina ber að merkja í samræmi við ákvæði hennar.

6. ***Skjalahald***

6.1. Skjalahald sem varðar framleiðsluferli og eftirlit

Framleiðandinn skal ráða yfir skjalakerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðastjórnunaráætlun. Framleiðandinn verður að geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Skjölin ber að varðveita svo að hægt sé að rekja framleiðslusögu hverrar framleiðslulotu fóðurs sem er sett í dreifingu og ákveða hvar ábyrgðin liggur, ef kvartanir berast.

6.2. Skrá

Með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna skal framleiðandinn skrá eftirfarandi upplýsingar:

a) *skrá um aukefni:*
   — eðli og magn framleiddra aukefna, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða, og nöfn og heimilisföng framleiðenda sem hafa fengið aukefnin í hendur,
   — upplýsingar um eðli og magn aukefnanna sem hafa verið afhent og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða.

b) *skrá um vörur sem falla undir reglugerðina:*
   — eðli varanna og magn framleiðslunnar, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
   — nöfn og heimilisföng framleiðenda eða notenda (framleiðenda eða ræktenda dýra) sem hafa fengið fóðrið í hendur, ásamt upplýsingum um eðli og magn þess fóðurs sem hefur verið afhent og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða.

7. ***Milliliðir***

Ef framleiðandinn afhendir aukefnin öðrum einstaklingi en framleiðanda eða afhendir fóður sem um getur í reglugerðinni öðrum einstaklingi en notanda (framleiðanda eða ræktanda dýra), er sá einstaklingur og hugsanlegur síðari milliliður, sem býr um þau, pakkar þeim inn, geymir þau eða setur í dreifingu jafnbundinn, eftir því sem við á, ákvæðunum sem sett eru með liðum 4, 5, 6.2 og 8 og, þegar um umbúning er að ræða, ákvæðunum sem um getur í 3. lið.

8. ***Kvartanir og innkallanir á vöru***

Framleiðandinn eða annar milliliður, sem markaðssetur fóðurvöru í eigin nafni, skal taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana.

Einnig skal hann vera í aðstöðu til að koma á, ef nauðsyn krefur, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjótum hætti fóður í dreifingarkerfinu. Framleiðandinn skal ákveða, samkvæmt skráðum aðferðum, viðtökustað fóðurs, sem hefur verið innkallað, og áður en slíkt fóður er sett aftur í dreifingu verður að endurmeta það samkvæmt gæðastjórnunareftirliti.

2. a)

Aukefni sem um getur í 3. viðauka og falla undir 2. lið 8. gr. D-hluta I. kafla.

— Hníslalyf og önnur lyf:	öll aukefni í flokknum
— Vaxtarhvatar:	öll aukefni í flokknum
— Vítamín, forvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif:	A og D
— Snefilefni:	Cu og Se

2. b)

Til að Aðfangaeftirlitið viðurkenni framleiðendur og milliliði sem framleiða eða markaðssetja aukefni sem falla undir lið 2. a hér að ofan þurfa þeir að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem hér eru talin upp:

1. ***Aðstaða og tækjabúnaður***

Aðstöðu og framleiðslubúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu viðkomandi forblandna. Aðstöðu og tækjabúnað skal skipuleggja, hanna og nota þannig að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og hægt sé að þrífa vandlega og sinna viðhaldi til að komast hjá mengun, víxlmengun og yfirleitt öllum skaðlegum áhrifum á gæði varanna. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með því að aðstaða og tækjabúnaður, sem eru notuð við aðgerðir sem hafa áhrif á gæði varanna, samræmist skráðum aðferðum sem framleiðandinn ákveður fyrirfram.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera, eftir því sem unnt er, og ef nauðsyn krefur skal gera áætlun um að halda þeim í skefjum.

2. ***Starfsfólk***

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða viðkomandi forblöndur. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar skriflegar upplýsingar um skylduverk sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi forblandna sem sóst er eftir.

3. ***Framleiðsla***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirfram ákveðnum skráðum aðferðum og fyrirmælum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, svo sem íblöndun aukefnis í forblöndu, tímaröð í framleiðslu, tækjum sem mæla og vega, blöndunarbúnaði og endurstreymi, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi forblandna sem sóst er eftir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Gera skal tæknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun og mistök.

4. ***Gæðastjórnun***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni.

Framleiðandinn skal hafa aðgang að rannsóknastofu fyrir gæðastjórnun sem hefur nógu marga starfsmenn og fullnægjandi búnað til að tryggja og fylgjast með því að viðkomandi forblöndur samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og sem einkum munu tryggja og fylgjast með eðli, innihaldi, einsleitni og stöðugleika aukefnanna í forblöndunni og tryggja eins litla víxlmengun og unnt er. Heimilt er að nota rannsóknastofu sem er utan starfsstöðvarinnar.

Gera skal skriflega áætlun um gæðastjórnun og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort burðarefni, aukefni og forblöndur (fóður) samræmast viðkomandi forskriftum og hvernig beri að ráðstafa þeim ef þau samræmast ekki forskriftunum.

Úr hverri framleiðslulotu af forblöndu, sem er sett í dreifingu, skal taka nægilegt magn sýna, samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna. Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau. Sýnin skulu geymd við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist óeðlilega. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að þeim að minnsta kosti meðan ábyrgð á forblöndunni er í gildi.

5. ***Geymsla***

Fóður hvort sem það eru í samræmi við forskriftirnar eða ekki verður að geyma í hentugum ílátum í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði og þeir einstaklingar einir hafa aðgang að sem hafa til þess leyfi framleiðandans.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera, eftir því sem unnt er og ef nauðsyn krefur, skal semja áætlun um að halda þeim í skefjum.

Fóðrið skal geymt þannig að auðvelt sé að sanngreina það og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fóðurvara eða við lyf. Búa skal um og merkja forblöndur í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

6. ***Skjalahald***

6.1. Skjalahald sem varðar framleiðsluferli og eftirlit

Framleiðandinn skal ráða yfir skjalakerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðastjórnunaráætlun. Framleiðandinn verður að geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Skjölin ber að varðveita svo að hægt sé að rekja framleiðslusögu hverrar framleiðslulotu af forblöndu sem er sett á markað og ákveða hvar ábyrgðin liggur ef kvartanir berast.

6.2. Skrá um forblöndur

Til að tryggja að hægt sé að rekja uppruna skal framleiðandinn skrá eftirfarandi upplýsingar:

— nöfn og heimilisföng framleiðenda aukefna eða milliliða, eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið notuð og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
— framleiðsludagur forblöndunnar og, ef við á, númer framleiðslulotunnar,
— nöfn og heimilisföng milliliða eða framleiðenda fóðurblandna sem hafa fengið forblönduna í hendur, afhendingardag, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið afhent og, ef við á, númer framleiðslulotunnar.

7. ***Milliliðir***

Ef framleiðandinn afhendir forblöndur öðrum einstaklingi en framleiðanda fóðurblöndu, er sá einstaklingur og hugsanlegur síðari milliliður, sem býr um þær, pakkar þeim inn, geymir þær eða setur í dreifingu, jafnbundinn, eftir því sem við á, ákvæðunum sem sett eru með liðum 4, 5, 6.2 og 8 og, þegar um umbúning er að ræða, ákvæðunum sem um getur í 3. lið.

8. ***Kvartanir og innkallanir á vöru***

Framleiðandinn eða annar milliliður, sem markaðssetur fóðurvöru í sínu eigin nafni, skal taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana. Einnig skal hann vera í aðstöðu til að koma á, ef nauðsyn krefur, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjótum hætti vörur í dreifingarkerfinu. Framleiðandinn skal ákveða, samkvæmt skráðum aðferðum, viðtökustað vara sem hafa verið innkallaðar og áður en slíkar vörur eru settar aftur í dreifingu verður að endurmeta þær samkvæmt gæðastjórnunareftirliti.

3. a)

Viss aukefni sem um getur í 3. viðauka og falla undir 2. lið 8. gr. D-liðar í I. kafla.

— Hníslalyf og önnur lyf:	öll aukefni í flokknum
— Vaxtarhvatar:	öll aukefni í flokknum

3. b)

Til að Aðfangaeftirlitið viðurkenni framleiðendur sem framleiða til markaðssetningar eða eingöngu fyrir eigin býli fóðurblöndur sem innihalda forblöndur með aukefnum sem falla undir lið 3. a hér að ofan þurfa þeir að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem hér eru talin upp.

1. ***Aðstaða og tækjabúnaður***

Aðstöðu og framleiðslubúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu fóðurblandna sem innihalda forblöndur. Aðstöðu og búnað skal skipuleggja, hanna og nota þannig að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og hægt sé að þrífa vandlega og sinna viðhaldi til að komast hjá mengun, víxlmengun og yfirleitt öllum skaðlegum áhrifum á gæði fóðursins eftir því sem unnt er. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með því að aðstaða og búnaður, sem eru notuð við aðgerðir sem hafa áhrif á gæði fóðursins, samræmist skráðum aðferðum sem framleiðandinn ákveður fyrirfram eða mögulega, sé framleiðslan einungis til eigin nota framleiðanda, sem utanaðkomandi sérfræðingur setur fyrirfram að beiðni framleiðanda og á

ábyrgð hans. Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera eftir því sem unnt er, og ef nauðsyn krefur skal gera áætlun um að halda þeim í skefjum.

2. ***Starfsfólk***

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða fóðurblöndur sem innihalda forblöndur. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að; sé framleiðslan einungis til eigin nota framleiðanda er slíkt skipurit aðeins samið ef þörf krefur. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar skriflegar upplýsingar um skylduverk sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að unnt sé að ná því gæðastigi fóðurblandna sem innihalda forblöndur sem sóst er eftir.

3. ***Framleiðsla***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirfram ákveðnum skráðum aðferðum og fyrirmælum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, svo sem íblöndun forblöndu í fóður, tímaröð í framleiðslu, tækjum sem mæla og vega, blöndunarbúnaði og endurstreymi, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi fóðurblandna sem sóst er eftir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Gera skal tæknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun og mistök eftir því sem unnt er.

4. ***Gæðastjórnun***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal hafa aðgang að rannsóknastofu fyrir gæðastjórnun sem hefur nógu marga starfsmenn og fullnægjandi búnað til að tryggja og fylgjast með því að fóðurblöndur sem innihalda forblöndur samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og sem einkum munu tryggja og fylgjast með eðli, innihaldi og einsleitni viðkomandi aukefna í fóðurblöndunni, tryggja eins litla víxlmengun og unnt er og, þegar markaðssetja á fóðrið í dreifingu, fylgjast með innihaldi greiningarþátta. Heimilt er að nota rannsóknastofu sem er utan starfsstöðvarinnar.

Gera skal skriflega áætlun um gæðastjórnun og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort hráefni, forblöndur og fóðurblöndur (fóður) samræmast viðkomandi forskriftum og hvernig beri að ráðstafa þeim ef þau samræmast ekki forskriftunum.

Úr hverri framleiðslulotu af fóðurblöndu, sem er markaðssett, eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar, þegar um samfellda framleiðslu er að ræða, skal taka nægilegt magn sýna, samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna; ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda eru sýni tekin með reglulegu millibili. Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau. Sýnin skulu geymd við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist óeðlilega. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að þeim í hæfilega langan tíma.

5. ***Geymsla***

Fóður hvort sem það eru í samræmi við forskriftirnar eða ekki, verður að geyma í hentugum ílátum í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði og þeir einstaklingar einir hafa aðgang að sem hafa til þess leyfi framleiðandans.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera, eftir því sem unnt er, og ef nauðsyn krefur skal semja áætlun um að halda þeim í skefjum.

Fóðrið skal geymt þannig að auðvelt sé að sanngreina það og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fóðurvara eða við lyf eða lyfjabætt fóður eða við hráefni sem innihalda mikið magn af óæskilegum efnum og vörum eða við aukefni. Fóðurblöndur sem ætlaðar eru til markaðssetningar skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

6. ***Skjalahald***

6.1. Skjalahald sem varðar framleiðsluferli og eftirlit

Framleiðandinn skal ráða yfir skjalakerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðastjórnunaráætlun. Framleiðandinn verður að geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Skjölin ber að varðveita svo að hægt sé að rekja framleiðslusögu hverrar framleiðslulotu sem er framleidd og, ef vörurnar eru settar á markað, ákveða hvar ábyrgðin liggur ef kvartanir berast.

6.2. Skrá um fóðurblöndur

Til að tryggja að hægt sé að rekja uppruna skal framleiðandinn skrá eftirfarandi upplýsingar:

— nöfn og heimilisföng framleiðenda forblandna eða milliliða og, ef við á, númer framleiðslulotunnar, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið notuð,

— eðli og magn þess fóðurs sem er framleitt ásamt framleiðsludegi.

7. ***Kvartanir og innkallanir á vöru***

Framleiðandinn skal taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana.

Einnig skal hann vera í aðstöðu til að koma á, ef nauðsyn ber til, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjótum hætti fóður á markaði. Framleiðandinn skal ákveða, samkvæmt skráðum aðferðum, viðtökustað fóðurs sem hefur verið innkallað og áður en slíkt fóður er sett aftur í dreifingu verður að endurmeta það samkvæmt gæðastjórnunareftirliti.

4. a)

Til að Aðfangaeftirlitið viðurkenni framleiðendur sem um getur í 3. lið 8. gr. D-liðar I. kafla sem framleiða til markaðssetningar eða eingöngu fyrir eigið býli fóðurblöndur úr hráefnum sem innihalda mikið magn af óæskilegum efnum og vörum þurfa þeir að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem hér eru talin upp.

1. ***Aðstaða og tækjabúnaður***

Aðstöðu og framleiðslubúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu fóðurblandna úr viðkomandi fóðurefnum. Aðstöðu og búnað skal skipuleggja, hanna og nota þannig að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og hægt sé að þrífa vandlega og sinna viðhaldi til að komast hjá mengun, víxlmengun og yfirleitt öllum skaðlegum áhrifum á gæði fóðursins eftir því sem unnt er. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með því að aðstaða og tækjabúnaður, sem eru notuð við aðgerðir sem hafa áhrif á gæði fóðursins, samræmist skráðum aðferðum sem framleiðandinn ákveður fyrirfram eða mögulega, sé framleiðslan einungis til eigin nota framleiðanda, sem utanaðkomandi sérfræðingur setur fyrirfram að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera eftir því sem unnt er, og ef nauðsyn krefur skal gera áætlun um að halda þeim í skefjum.

2. ***Starfsfólk***

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða fóðurblöndur úr viðkomandi fóðurefnum. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að; sé framleiðslan einungis til eigin nota framleiðanda er slíkt skipurit aðeins samið ef þörf krefur. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar skriflegar upplýsingar um skylduverk sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að unnt sé að ná því gæðastigi fóðurblandna úr viðkomandi fóðurefnum sem sóst er eftir.

3. ***Framleiðsla***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en hann skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirfram ákveðnum skráðum aðferðum og fyrirmælum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, svo sem íblöndun forblöndu í fóður úr viðkomandi fóðurefni, tímaröð í framleiðslu, tækjum sem mæla og vega, blöndunarbúnaði og endurstreymi, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi fóðurblandna sem sóst er eftir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Gera skal tæknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun og mistök eftir því sem unnt er.

4. ***Gæðastjórnun***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal hafa aðgang að rannsóknarstofu fyrir gæðastjórnun sem hefur nógu marga starfsmenn og fullnægjandi búnað til að tryggja og fylgjast með því að viðkomandi fóðurblöndur samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og sem einkum munu tryggja og fylgjast með eðli, innihaldi og einsleitni viðkomandi óæskilegra efna og fóðurefna í fóðurblöndunni, tryggja eins litla víxlmengun og unnt er og að hámarksmagn óæskilegra efna sé í samræmi við ákvæði C-hluta 1. viðauka og, þegar setja á fóðrið á markað, fylgjast með innihaldi greiningarþátta. Heimilt er að nota rannsóknastofu sem er utan starfsstöðvarinnar.

Gera skal skriflega áætlun um gæðastjórnun og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort fóðurefni, að meðtöldum þeim sem innihalda mikið magn óæskilegra efna, og fóðurblöndur samræmast viðkomandi forskriftum og hvernig beri að ráðstafa þeim ef þau samræmast ekki forskriftunum.

Úr hverri framleiðslulotu af fóðurblöndu sem sett er á markað eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar, þegar um samfellda framleiðslu er að ræða, skal taka nægilegt magn sýna samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna; ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda eru sýni tekin með reglulegu millibili. Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau. Sýnin skulu geymd við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist óeðlilega. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að þeim á tímabili sem miðast við fyrirhugaða notkun fóðursins.

5. ***Geymsla***

Fóðurefni, einkum þau sem innihalda mikið magn óæskilegra efna og fóðurefna, og fóðurblöndur, hvort sem þær eru í samræmi við forskriftirnar eða ekki, verður að geyma í hentugum ílátum eða í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera, eftir því sem unnt er, og, ef nauðsyn krefur, skal semja áætlun um að halda þeim í skefjum.

Fóðrið skal geymt þannig að auðvelt sé að sanngreina það og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fóðurvara sem getið er hér að framan og við lyf eða lyfjabætt fóður eða við aukefni eða forblöndur úr aukefnum. Fóðurblöndur sem ætlaðar eru til markaðssetningar skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

6. ***Skjalahald***

6.1. Skjalahald sem varðar framleiðsluferli og eftirlit

Framleiðandinn skal ráða yfir skjalakerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðastjórnunaráætlun. Framleiðandinn verður að geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Skjölin ber að varðveita svo að hægt sé að rekja framleiðslusögu hverrar lotu sem er framleidd og, ef fóðrið er sett á markað, ákveða hvar ábyrgðin liggur ef kvartanir berast.

6.2. Skrá um fóðurblöndur

Til að tryggja að hægt sé að rekja uppruna skal framleiðandinn skrá eftirfarandi upplýsingar:

— nöfn og heimilisföng birgja þeirra fóðurefna sem innihalda mikið magn óæskilegra efna og vara, eðli og magn óæskilegra efna og vara, ásamt afhendingardegi og
— eðli og magn þess fóðurs sem er framleitt, ásamt framleiðsludegi.

7. ***Kvartanir og innkallanir á vöru***

Framleiðandinn skal taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana.

Einnig skal hann vera í aðstöðu til að koma á, ef nauðsyn ber til, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjótum hætti fóður á markaði. Framleiðandinn skal ákveða, samkvæmt skráðum aðferðum, viðtökustað fóðurs sem hefur verið innkallað og áður en slíkt fóður er sett aftur á markað verður að endurmeta það samkvæmt gæðastjórnunareftirliti.

5. a)

Lágmarksskilyrði sem framleiðendur og milliliðir sem um getur í 4.-lið 8. gr. D-liðar I. Kafla (sem skulu vera skráð) þurfa að uppfylla til að Aðfangaeftirlitið skrái og viðurkenni framleiðanda sem framleiðir eða markaðssetur forblöndur eða framleiðir eingöngu fyrir eigið býli fóðurblöndur með aukefnum sem talin eru hér upp þarf hann að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lið 5. d.

— Vítamín, forvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif:	öll aukefni í flokknum nema A- og D-vítamín
— Snefilefni:	öll aukefni í flokknum nema Cu og Se
— Karótenóíð og vefjagula:	öll aukefni í flokknum
— Ensím:	öll aukefni í flokknum
— Örverur:	öll aukefni í flokknum
— Efni sem hafa þráavarnaráhrif:	eingöngu aukefni sem hámarksinnihald hefur verið ákveðið fyrir

5. b)

Til að Aðfangaeftirlitið skrái og viðurkenni framleiðanda sem framleiðir til markaðssetningar fóðurblöndur sem innihalda forblöndur úr aukefnum sem talin eru hér upp eða framleiðanda sem framleiðir eingöngu fyrir eigið býli fóðurblöndur sem innihalda aukefni sem talin eru hér upp þarf hann að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lið 5. d.

— Vítamín, forvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif:	öll aukefni í flokknum
— Snefilefni:	öll aukefni í flokknum
— Karótenóíð og vefjagula:	öll aukefni í flokknum
— Ensím:	öll aukefni í flokknum
— Örverur:	öll aukefni í flokknum
— Efni sem hafa þráavarnaráhrif:	eingöngu aukefni sem hámarksinnihald hefur verið ákveðið fyrir

5. c)

Til að Aðfangaeftirlitið skrái og viðurkenni framleiðanda sem dreifir aukefnum sem talin eru hér upp, þegar leyfi á EES-svæðinu tengist ekki lögaðilum sem eru ábyrgir fyrir að markaðssetja þau, þarf hann að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lið 5. d.

- þráavarnarefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- bragðefni og lystaukandi efni,
- ýruefni og bindiefni, þykkingarefni og hleypiefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- litarefni, að meðtöldum fastlitum: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- rotvarnarefni,
- vítamín, próvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- snefilefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- pH-stýriefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- ensím: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- örverur: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki.

5. d)

Framleiðendur

- aukefna sem hámarksinnihald er ákveðið fyrir og sem ekki er getið í lið1. a,
- forblandna aukefna sem um getur í lið 5. a,
- fóðurblandna sem innihalda forblöndur úr aukefnum sem um getur í lið 5 b, til dreifingar eða til nota eingöngu fyrir eigið býli
- aukefna sem um getur í lið 5. a

þurfa að uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði :

1. ***Aðstaða og tækjabúnaður***

Aðstöðu og tæknibúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu viðkomandi aukefna, forblandna úr aukefnum og fóðurblandna sem innihalda aukefni eða forblöndur úr aukefnum.

2. ***Starfsfólk***

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga hæfa starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða viðkomandi fóðurefni.

3. ***Framleiðsla***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum sé með þeim hætti að unnt sé að ná því gæðastigi fóðurs sem sóst er eftir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

4. ***Gæðastjórnun***

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal gera og hrinda í framkvæmd skriflegri áætlun um gæðastjórnun, til að tryggja og fylgjast með því að viðkomandi fóður samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og ákvæðunum sem sett eru með þessari reglugerð eftir því sem við á.

Úr hverri framleiðslulotu fóðurefnisins eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar, þegar um samfellda eða reglubundna framleiðslu er að ræða, skal taka og eftir atvikum geyma sýni með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna þeirra. Sýnin skulu geymd þar sem Aðfangaeftirlitið hefur aðgang að þeim í hæfilega langan tíma miðað við fyrirhugaða notkun fóðursins.

5. ***Geymsla***

Fóðurefni, virk efni, burðarefni, forblöndur og fóðurblöndur verður að geyma í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði.

Fóðrið skal geymt þannig að auðvelt sé að sanngreina það og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fóðurvara sem getið er hér að framan og við lyf eða lyfjabætt fóður. Búa skal um og merkja fóðrið sem ætlað er til markaðssetningar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eftir því sem við á.

6. ***Skráning***

Framleiðanda er skylt að skrá eftirfarandi upplýsingar svo að rekja megi uppruna:

a) *um aukefni:*

- eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið framleidd, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
- nöfn og heimilisföng framleiðenda eða notenda (framleiðenda eða ræktenda dýra) sem hafa fengið aukefnin í hendur, ásamt upplýsingum um eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið afhent og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða;

b) *um forblöndur:*

- nöfn og heimilisföng framleiðenda aukefna, eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið notuð og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
- framleiðsludagur forblöndunnar og númer framleiðslulotunnar,ef við á,
- nöfn og heimilisföng framleiðenda sem hafa fengið forblönduna í hendur, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið afhent og, ef við á, númer framleiðslulotunnar;

c) *um fóðurblöndur sem innihalda forblöndur eða aukefni:*
- nöfn og heimilisföng framleiðenda forblandna og, ef við á númer framleiðslulotunnar, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið notuð,
- nöfn og heimilisföng framleiðenda aukefna, eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið notuð og númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
- eðli og magn þess fóðurs, sem hefur verið framleitt, ásamt framleiðsludegi.

7. ***Milliliðir***

Ef framleiðandinn afhendir aukefnin öðrum einstaklingi en framleiðanda eða ræktanda dýra eða afhendir forblöndur öðrum einstaklingi en framleiðanda, er sá einstaklingur og hugsanlegir síðari milliliðir, sem býr um þau, pakkar þeim inn, geymir þau eða setur í dreifingu, jafnbundinn, eftir því sem við á, ákvæðunum sem sett eru með liðum 4, 5 og 6 og, þegar um umbúning er að ræða, ákvæðunum sem um getur í 3. lið.

2. maí 2001 Nr. 341

REGLUGERÐ

um geislun matvæla með jónandi geislun.

I. KAFLI.
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessir gildir um framleiðslu, innflutning og markaðssetningu matvæla semgeisluð eru með jónandi geislun.

Reglugerðin gildir ekki um:

a) Matvæli sem verða fyrir jónandi geislun frá mæli- og eftirlitstækjum með hámarksorkuna 10 MeV ef um röntgentæki er að ræða, 14 MeV ef um nifteindir er að ræða og 5 MeV ef um aðra geislagjafa er að ræða ef upptekinn geislaskammtur frá nifteindageislun er lægri en 0,01 Gy og lægri en 0,5 Gy frá annars konar geislun,

b) Geislun matvæla fyrir sjúklinga sem fá dauðhreinsaðan mat undir eftirliti lækna eða annars heilbrigðisstarfsfólks.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

Geislun matvæla er meðhöndlun matvæla með jónandi geislun.

Geislaskammtur er heildarorkuaukning í sýninu deilt með massa þess í kílóum.

Gy (Gray) er mælieining fyrir geislaskammt og samsvarar 1 J/kg

Jónandi geislun er orkumikil geislun sem getur jónað sameindir. Gammageislun og röntgengeislun er jónandi geislun. Rafeindir eru líka jónandi geislun.

Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn. Í reglugerð þessari teljast innihaldsefni einnig til matvæla.

II. KAFLI.
Geislun og geislunarstöðvar.

3. gr.

Geislalindir og geislatæki.

Matvæli má aðeins geisla með:

a) Gammageislun frá geislavirku samsætunum kóbalt-60 (60Co) eða sesín-137 (137Cs);